



Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



Ársskýrsla Akureyrarbæjar **2015**



Akureyrarbær

Geislagötu 9

600 Akureyri

Sími 460 1000

Fax 460 1001

www.akureyri.is | www.visitakureyri.is

Allar upplýsingar um símanúmer einstakra stofnana
og netföng starfsmanna er að finna á vef bæjarins.

Útgefandi:	Akureyrarbær 2016
Umsjón:	Ragnar Hólm Ragnarsson
Yfirllestur og prófarkir:	Brynja Björk Pálsdóttir og Ragnar Hólm
Ljósmyndir:	Daníel Starrason
Mynd af bæjarstjóra:	Auðunn Níelsson
Hönnun og umbrot:	Stíll

Efnisyfirlit

Ávarp bæjarstjóra	4
Bæjarstjórn og bæjarráð	5
Stjórnkerfi Akureyrarbæjar	5
Akureyrarstofa	5
Búsetudeild	8
Fasteignir Akureyrarbæjar	9
Fjármála- og hagþjónusta	11
Fjölskyldudeild	12
Framkvæmdadeild	12
Samfélags- og mannréttindadeild	14
Skipulagsdeild	16
Skóladeild	17
Starfsmannþjónusta	20
Öldrunarheimili Akureyrarbæjar	24
Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnnum	26




Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Ávarp bæjarstjóra



Aldursdreifing íbúa á Akureyri 1. janúar 2015 og 2016



Bæjarbúar

Samkvæmt tölum frá Íbúaskrá Akureyrar voru íbúar Akureyrar 1. desember 2015 18.294 og hafði fjölgað um 100 eða um 0,55%. Þar af eru Hríseyingar 161 og Grímseyingar 79. Karlar voru 9.045 og konur 9.249. 1. desember 2014 voru íbúar Akureyrarbæjar 18.194. Frá 2. desember 2014 til 1. desember 2015 fæddust 202 börn en 124 bæjarbúar létust. Aðfluttir umfram brottflutta voru 22.

Elsti íbúi bæjarins var María Jóhannesdóttir fædd 25. september 1914.

Veröldin breytist og Akureyri með. Þegar ég skoða gamlar myndir af bænum okkar þá furða ég mig alltaf á því hversu mikið hefur breyst. Myndirnar þurfa ekki að vera svo gamlar. Jafnvel 10 ára gamlar myndir sýna okkur hvernig mannanna verk hafa gjörbreytt ástand Akureyrar og yfirleitt til hins betra.

Framkvæmdir eru mismiklar eftir því hvernig árar og stundum eru þær umdeildar fyrst um sinn en síðan sættast allir nær undantekningalaust. Árið 2015 risu ekki margar nýbyggingar á vegum kaupstaðarins en þeim mun meiri orka og fjármunir fóru í endurnýjun og viðhald. Á teikniborðinu eru einnig miklar framkvæmdir við vatnaparadísina okkar í Sundlaug Akureyrar, höfnina við Torfunef og Listasafnið sem á að stækka og bæta svo eitthvað sé nefnt.

Ástand Akureyrar breytist einnig með þeim hætti að hér sjást nú sífellt fleiri ferðamenn allan ársins hring. Mikið og gott starf hefur verið unnið af bæði hinu opinbera og einkaaðilum við að styrkja grunngerð og þjónustu við ferðafólk í bænum. Árið 2015 var sett nýtt met í fjölda erlendra ferðamanna sem komu til landsins og að sjálfsögðu njótum við góðs af því. Ferðaþjónustan verður stöðugt mikilvægari fyrir okkur eins og þjóðarbúið í heild og verður smám saman, ásamt sjávarútvegi, heilbrigðisþjónustu, menntastofnunum og almennri þjónustu, ein af meginstöðum í atvinnulífi bæjarbúa.



Já, veröldin breytist og Akureyri með. Árið 2015 breyttist heimsmynd okkar Evrópubúa verulega þegar hið svokallaða „arabíska vor“ snerist upp í andhverfu sína og milljónir manna hróktust á flóttu frá heimalöndum sínum áleiðist til Evrópu með von í brjósti um betra líf. Við Akureyringar ákváðum að leggja okkar af mörkum og vorum fyrstir Íslendinga til að bjóðast til að taka á móti sýrlensku flóttafólki. Af því er ég stoltur og vonandi getum við gert enn betur í framtíðinni. Undirbúningur var hafinn um mitt ár 2015 og fyrstu fjölskyldurnar komu til bæjarins í byrjun árs 2016. Venjulegt fólk sem hafði upplifað ótrúlegar hörmungar í veraldar volki, fékk hjartnæmar móttökur hjá Akureyringum öllum. Góðvildin sem bæjarbúar sýndu mun seint gleymast. Þakka ber öllu því góða fólk sem varð okkur að liði við móttöku þessara nýju íbúa.

Enn og aftur vil ég þakka bæjarbúum það traust og þá velvild sem þeir hafa sýnt mér í stöfum bæjarstjóra. Vaxtarmöguleikar Akureyrar á öllum sviðum eru miklir. Bærinn á sannarlega bjarta framtíð fyrir sér.

Eiríkur Björn Björgvinsson,
bæjarstjóri á Akureyri



Stjórnkerfi Akureyrarbæjar



Bæjarstjórn og bæjarráð

Á árinu voru haldnir 19 fundir í bæjarstjórn og 46 fundir í bæjarráði. Á fundi bæjarstjórnar þann 2. júní 2015 var Matthías Rögnvaldsson kjörinn forseti bæjarstjórnar til eins árs, Sigríður Huld Jónsdóttir 1. varaforseti og Gunnar Gíslason 2. varaforseti. Guðmundur Baldvin Guðmundsson var kjörinn formaður bæjarráðs og ásamt honum voru kosin í bæjarráð Logi Már Einarsson varaformaður, Matthías Rögnvaldsson, Gunnar Gíslason og Margrét Kristín Helgadóttir. Sóley Björk Stefánsdóttir er áheyrnarfulltúi í bæjarráði til eins árs.

Viðtalstímar bæjarfulltrúa, hverfisnefndir og -ráð

Yfir vetrartímann eru auglýstir viðtalstímar bæjarfulltrúa og eru þeir haldnir að jafnaði tvisvar í mánuði og voru þeir alls 14 á árinu. Af þeim var einn haldinn í Hrísey og annar í Grímsey. Aðrir viðtalstímar voru haldnir í Ráðhúsinu. Í viðtalstímum eru tveir bæjarfulltrúar til viðtals og taka þeir við erindum, fyrirspurnum og ábendingum íbúa bæjarins. Erindin eru færð til bókar og eru fundargerðir viðtalstímanna lagðar fram í bæjarráði þar sem erindunum er vísað áfram í bæjarkerfinu.

Hverfisnefndir voru starfandi í öllum hverfum bæjarins á árinu. Hverfisnefndir geta beitt sér fyrir ýmsum umbótum hver í sínu hverfi, annaðhvort með aðgerðum íbúanna sjálfra eða með því að þrýsta á bæjaryfirvöld. Á árinu voru einnig starfandi hverfisráð í Hrísey og Grímsey.

Akureyrarstofa


Akureyrarstofa er heimahöfn menningar-, markaðs-, kynningar- og ferðamála hjá Akureyrarbæ. Jafnframt annast hún viðburðahald fyrir bæinn og samskipti við fjölda marga skipuleggjendur viðburða í bænum. Miðpunktur starfseminnar er Akureyri en Akureyrarstofa hefur náði samstarfi við aðila sem vinna á stærri svæðum s.s. Markaðsstofu Norðurlands og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar. Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Akureyri er rekin af Akureyrarstofu og annast upplýsingagjöf til ferðamanna þegar þeir eru komnir til Akureyrar, auk þess að svara fyrirspurnum alls staðar að úr heiminum. Hjá Akureyrarstofu starfa þrjár konur og tveir karlar.

Ferða- og markaðsmál


Ferðaþjónustan er áfram í örum vexti og þróun. Í júní var Akureyri valin besti áfangastaðurinn í Evrópu hjá ferðavefnum Lonely Planet. Veitingastöðum í bænum hefur fjölgað og nýtt hótél var opnað í Kjarnaskógi. Fjölbreytni í afþreyingu hefur aukist og sérstaklega hefur verið mikill vöxtur í hvalaskoðunarferðum, enda aðstæður til fyrirmyndar og mikil hvalagengd í Eyjafirði. Nýr 15 km fjallahjólástigur var opnaður á leiðinni milli Hlíðarfjalls og Kjarnaskógar og hafist var handa við þróun fuglaskoðunarstígs um Eyjafjörð í samstarfi við sveitafélög og hagsmunadila.

Skipulag almenningsganganna var með svipuðu sniði og á fyrra ári. Áfram voru hnókrar á tengingum strætisvagna við ferjuferðir til Hríseyjar og Grímseyjar en úr var leyst að einhverju leyti með samstarfi við fyrirtækið Activitybus líkt og árið á undan. Farþegum með Strætó á Norðurlandi, leið 56, 78 og 79, fækkaði um tæp 9% á milli ára eða um 1.821 farþega og var fækkunin

Fjöldi gistinguáttar eftir mánuðum og þjóðernum 2015



Meðalfjöldi og nýting herbergja á hótélum og gistiheimilum á Akureyri 2009-2014



mest tæp 40% í apríl en mest var aukningin í júlí eða 58%. Alls ferðuðust um 18.500 manns með Strætó á Norðurlandi árið 2015 á móti 20.289 árið 2014.

Markaðssetning Akureyrar yfir vetrartímann hefur aukist stórlega m.a. fyrir tilstilli stórra ferðaþjónustuaðila eins og Icelandair og Iceland Travel. Ferðamönnum sem koma til Íslands fjölga stöðugt og hefur þeim einnig fjölgað á Norðurlandi þótt það sé ekki í neinni líkingu við það sem gerist á suðvesturhorninu. Ólíklegt er að það breytist hratt nema með opnun nýrrar fluggáttar eða með betri tengingu við Keflavíkurvöll allt árið. Á tímabilinu janúar til maí fjölgaði gistinguáttum á hótélum á Norðurlandi að jafnaði um 13% frá fyrra ári og felst sú aukning nær eingöngu í komu erlendra gesta.

Akureyrarstofa var þátttakandi í fjölmörgum verkefnum sem tengjast ferðaþjónustu og markaðssetningu bæjarins. Akureyrarstofa stýrði meðal annars klasaverkefninu Komdu norður eins og fyrri ár og lagði fyrir hönd Akureyrarbæjar fjármagn til reksturs flugklasans AIR66 og til Markaðsstofu norðurlands, samtals um 18 m.kr. Flugklasinn stefnir að bættri markaðssetningu Akureyrarflugvallar og beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll en Markaðsstofan annast m.a. markaðssetningu á landshlutanum erlendis í samstarfi við Íslandsstofu.

Akureyrarstofa hóf vinnu við gerð ferðamálastefnu fyrir sveitafélagið og hélt í því sambandi m.a. tvo opna fundi á Akureyri og einnig í Hrísey og Grímsey þar sem lagður var grunnur að stefnunni. Stefnir er að því að ljúka verkefninu árið 2016.

Akureyrarstofa hefur smám saman aukið samstarf sitt við ferðapjónustuaðila í Grímsey og Hrísey. Fengist hafa styrkir í nokkur verðug verkefni, m.a. smíði nýs tákns fyrir heimskautsbauginn í Grímsey og einnig voru sett upp ný söguskilti meðfram gönguleiðum bæði í Grímsey og á Akureyri.

Ársskýrsla bæjarins var gefin út af Akureyrarstofu með sama sniði og áður, einnig endurbættir bæklingar um Hrísey og Grímsey. Sérstakur bæklingur um útilistaverk í bænum leit dagsins ljós og almennur bæklingur fyrir ferðamenn í stóru upplagi í samstarfi við fyrirtækið „My Destination Reykjavík“. Akureyrarstofa hefur einnig umsjón með hönnun og birtingu almennra auglýsinga um ágæti bæjarins fyrir alls kyns bæklinga og blöð.

Fyrir utan að annast vefsíðurnar Akureyri.is og Visitakureyri.is, heldur Akureyrarstofa úti þremur síðum á samfélagsmiðlinum Facebook: Síðunni „Akureyrarbær“ sem er hugsuð sem upplýsingasíða fyrir bæjarbúa, „Komdu norður“ sem er fyrir íslenska gesti og „Visitakureyri“ fyrir erlenda ferðamenn, auk þess að vera með sér síðu fyrir ferðapjónustuaðila á Akureyri.

Akureyrarstofa kynnti bæinn sem ákvörðunarstað fyrir ferðamenn með þátttöku í Vest Norden ferðakaupstefnunni og í annað sinn einnig á Mid Atlantic ráðstefnunni. Þetta starf virðist ætla að skila góðum árangri því áhugi erlendra ferðaskrifstofa hefur aukist mikið og voru fulltrúar Akureyrar þétt bókaðir á fundi á báðum sýningunum þar sem kostir bæjarins voru kynntir.



Atvinnumál

Í byrjun árs 2015 tók ný atvinnumálanefnd til starfa hjá Akureyrarbæ. Samhliða stofnun nefndarinnar var stöðugildi verkefnastjóra atvinnumála fært undir skrifstofu ráðhúss.

Atvinnu- og nýsköpunarhelgin á Akureyri var haldin í febrúar og var að venju góð þátttaka. TA Togvélar fengu fyrstu verðlaun en verkefnið snýr að því að hanna tölvustýrða togvél til að draga t.a.m. snjóbrettafólk með meiri nákvæmni og gera því kleift að stökka af meira öryggi en áður. Rabarbaraverksmiðja í Eyjafirði hlaut önnur verðlaun. Þriðju verðlaun hlaut verkefnið Speni sem miðar að því að aðstoða bændur við heimaframleiðslu á mjólkurafurðum. Ákveðið var að færa Atvinnu- og nýsköpunarhelgina til hausts en með því standa vonir til að auka þátttöku nemenda bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi. Næsta Atvinnu- og nýsköpunarhelgi verður því haldin 23.-25. september 2016. Á árinu var einnig unnið að stofnun Fab Lab í Eyjafirði í samstarfi sveitarfélaganna við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Verkmenntaskólann á Akureyri og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Fab Lab hefur starfsemi sína í húsnaði Verkmenntaskólans á Akureyri haustið 2016. Þá var á árinu unnið að opnun frumkvöðlaseturs á Akureyri.

Hrísey og Grímsey urðu aðilar að verkefni Byggðastofnunar um Brothættar byggðir á árinu. Í október tók til starfa verkefnastjóri sem hefur það hlutverk að halda utan um verkefni fyrir eyjarnar. Verkefnastjórnin er með starfsstöð í Hrísey.

Á árinu 2015 var atvinnuleysi á Akureyri að meðaltali 2,9% sem er minnkun úr 3,4% frá árinu 2014 og 3,7% árið 2013 samkvæmt tölum Vinnuálagastofnunar. Mest var atvinnuleysi í janúar þegar 364 voru á atvinnuleysisrá. En minnst í júlí þegar 210 manns voru á atvinnuleysisrá.

Athafna- og nýsköpunarverðlaun Akureyrar voru veitt í sjötta sinn á Vorkomu Akureyrarstofu. Kælsmiðjan Frost ehf. hlaut athafnaverðlaun Akureyrarbæjar en fyrirtækið hefur verið í fararbroddi í uppbyggingu og þjónustu kælikerfa frá árinu 1993. Fyrirtækið er það stærsta sinnar tegundar á Íslandi og sinnir verkefnum og þjónustu innanlands sem utan. Nýsköpunarverðlaunin komu í hlut fyrirtækisins Sveinbjargar sem stofnað var árið 2007. Fyrirtækið framleiðir íslenskar hönnunarvörur og hefur verið í örum vexti síðustu ár.


Menningarmál

Vorkoma Akureyrarstofu fór venju samkvæmt fram sumardaginn fyrsta og var skipulögð dagskrá í menningarhúsinu Hofi. Það var niðurstaða stjórnar Akureyrarstofu eftir umsögn frá ráðgjafahópi að veita Láru Sóleyju Jóhannsdóttur starfslaun til 9 mánaða. Heiðursviðurkenningar Menningarsjóðs fyrir mikilvægt framlag til menningarmála hlutu Gunnar Frimannsson fyrir framlag sitt til uppbyggingar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og myndlistarkonan Þórunn Ágústsdóttir fyrir framlag sitt til listgreinarinnar.

Það var niðurstaða faghóps um viðurkenningar fyrir húsvernd og byggingarlist að leggja til við stjórn að veita arkitektastofunni Kollgátu byggingarlistarverðlaun fyrir Íþróttamiðstöðina í Hrísey. Viðurkenning Húsverndarsjóðs var einnig veitt til húss í Hrísey og var Hús Hákarla-Jörundar sem er elsta húsið í eyrni fyrir valinu. Einnig var Ásgeiri Halldórssyni veitt sérstök viðurkenning Húsverndarsjóðs fyrir ómetanlegt framlag sitt til varðveislu Húss Hákarla-Jörundar. Á Vorkomunni veitti atvinnumálanefnd Akureyrarbæjar atvinnu- og nýsköpunarviðurkenningar eins og áður hefur verið greint frá.

Á Amtsbókasafninu voru útlán álíka mörg og árið 2014 og sama má segja um gesti. Í báðum tilfellum var um fækkun að ræða þótt hún teldist varla marktæk. Útlán voru 172.266 og gestir voru 99.653. Ekki liggja fyrir tölur um kynjaskiptingu gesta en hvað útlán varð- eru konur mun öflugri notendur safnsins. Konur eiga 77% allra útlána og karlar 21% og stofnanir 2%. Konur sem fæddar eru á árabílinu 1970-1979 fá mest lánað og stöllur þeirra sem fæddar eru 1960-1969 næstmest.

Fjöldi útlána eftir fæðingarári og kyni



Á árinu 2015 var hundrað ára afmælis kosningaréttur kvenna minnst með ýmsum hætti. Starfsmenn safnsins settu upp sýningu sem stóð allan aprílmánuð með blöðum og tímaritum tengdum konum og kvennamenningu. Einnig átti safnið þátt í að fá farsýningu frá Þjóðarbókhöfðunni helgaða þessum tímamótum. Loks var bókaúrval í Hofi á vegum Amtsbókasafnsins valið með hliðsjón af afmælinu.

Árið 2015 fækkaði gestum Héraðsskjalasafnsins lítillega frá því sem var árið áður eða um 4,3%. Það var hins vegar jákvætt að konum fylgði um 10,8% og voru þær rúmlega 21% gestanna. Útlán jukust um 12,4% milli ára og afhendingar voru einnig fleiri því árið 2015 voru þær 106 en 83 árið 2014. Auk þess að afhendingum fylgði þá voru þær övenju miklar að umfangi eða samtals tæpir 185 hillimetrar.

Á safninu var þess minnst á fleiri en einn veg að 100 ár voru liðin frá því að konur fengu kosningarétt til Alþingis. Fyrst ber að nefna áttak til söfnunar á skjölum kvenna en það er samstarfsverkefni héraðsskjalasafna, Þjóðskjalasafns, Kvinnasögusafns og handritadeildar Landsbókasafns-Háskólabókasafns. Í apríl var boðið upp á hádegisfyrirlestur Svanhildar Bogadóttur borgarskjalavarda um skjöl kvenna undir yfirskriftinni „Brenndu þetta snífsi að lestri loknum“. Á sýningunni „Heill þér mæta merka kona“ sem haldin var í júní, var fjallað um konur í sveitarstjórnunum í Eyjafirði og þingkonur Eyfirdinga í gegnum tíðina. Í nóvember stóð yfir sýningin „Vér heilsum glaðar framtíðinni“ sem var farandsýning en við hana var bætt skjölum úr geymslum safnsins.

Að venju tók safnið þátt í kynningardegi skjalasafna í nóvember, að þessu sinni var efnið „án takmarkana“ og áhersla lögð á náunga- kærleik og samhljóp. Safnið lagði til efni á sameiginlegan vef dags- ins, Skjaladagur.is.

Vefurinn Einkaskjalasafn.is – samskrá yfir einkaskjalasöfn á Ís- landi var opnaður í apríl en markmiðið með þeim vef er að hafa aðgengilegar á einum stað upplýsingar um einkaskjalasöfn hjá vörslustofnunum og bæta þannig aðgengi að heimildaflokknum. Héraðsskjalasafnið á Akureyri er þátttakandi í þessu verkefni og í árslok 2015 höfðu 975 einkaskjalasöfn sem varðveitt eru á safninu verið skráð í þessa samskrá.

Listasafnið á Akureyri hefur til umræða tvo sýningarstaði: Listasafnsbygginguna og Ketilhúsið. Samtals stóð safnið fyrir 23 sýningum á árinu 2015; 14 í Listasafninu og 9 í Ketilhúsi. Skiptust þær í 7 stórar einkasýningar, 8 stuttar sýningar í Vestursal og 8 sam- sýningar.

Leiðsögn um sýningar ársins fóru fram á alla fimmtudaga í hádeg- inu. Gestir á sýningum Listasafnsins voru samtals 21.876 (14.218 Íslendingar og 7.658 útlendingar) sem er töluverð aukning frá fyrra ári. Konur voru í meirihluta sýnenda árið 2015 enda var haldið upp á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna sérstaklega í tengslum við fyrstu sýningu ársins sem var á verkum eftir Elísabetu Geirmunds- dóttur.

Alls komu 67 hópar í safnfræðslu frá grunn- og leikskólum bæjar- ins, Verkmennaskólanum á Akureyri, Menntaskólanum á Akureyri, Háskólanum á Akureyri og Myndlistaskólanum á Akureyri. Skólahópar frá skólum utan Akureyrar voru 5. Aukning var í heimsóknnum skólahópa frá árinu 2014.

Fyrirlestraröðin „Þriðjudagsfyrirlestrar“ er haldin í samstarfi við Há- skólann, Myndlistaskólann og Verkmennaskólann og fóru fyrirlestr- arnir fram kl. 17 á þriðjudögum í Ketilhúsinu. Alls voru 20 áhugaverðir fyrirlestrar haldnir.

Í byrjun september var í fyrsta skipti haldin Gjörningahátíðin AL að frumkvæði Listasafnsins í samstarfi við leiklistarhátíðina Lókal, Reykjavík Dance Festival, Menningarfélag Akureyrar/Leikfélag Akur- eyrar og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar. Um 1.500 manns sóttu viðburði á hátíðinni og er stefnt að því að hún verði að árlegum viðburði í menningarlífi Akureyrar.

Minjasafnið á Akureyri rekur safnahúsið í Innbænum, bók- menntasöfnin þrjú (Nonnahús, Davíðshús og Sigurhæðir), Gestastofu og Gamla bæinn í Laufási. Varðveisla menningararfsins og miðlun hans með rannsóknnum, sýningum og safnfræðslu, er meginverkefni safnsins og deilda þess. Safnið býr nú yfir tæplega 3 milljónum ljósmynda og rúmlega 20.000 gripum og bætast árlega við þennan fjársjóð góðar gjafir frá stofnunum og einstaklingum. Sí- fellt stærri hluti safnskotsins er nú aðgengilegur utan veggja safnsins því munaskrá þess er öllum opin í gegnum Sarpur.is.

Safnið veitti sveitarfélögum og einstaklingum á starfssvæði sínu ráðgjöf um safnamál og húsverndarmál. Þá hafði safnið umsjón með uppbyggingu ferðamannastaðarins Gása fyrir hönd Gásakaup- staðar ses. sem og umsjón með Miðaldadögum á Gásum.

Gestir í safndeildum voru 34.098, þar af voru erlendingir gestir meira en helmingur að teknu tilliti til fjölda í safnfræðslu. Undanfarin ár hefur opnunartími safnsins verið aukinn til að koma til móts við vax- andi ferðamannastraum. Minjasafnið er opið nú alla daga ársins utan fárra opinberra frídaga. Þannig var safnið opið 356 daga árið 2015, yfir sumarið frá kl. 10-17 en á veturna frá kl. 13-16.

Fjöldi sýningardaga yfir árið var mismikill eftir deildum safnsins. Í Gamla bænum Laufási 120 og Nonnahúsi 102. Í Davíðshúsi og Sigurhæðum voru sýningardagar 71. Opið var alla daga yfir sumarið á Minjasafninu, í Laufási og í Nonnahúsi en virka daga í Davíðshúsi og Sigurhæðum. Minjasafnið sóttu 15.768 gestir, Nonnahús 3.568, Davíðshús 881, Sigurhæðir 551 og Gamla bæinn Laufás 13.330.

Fræðslu á vegum safnsins sóttu 3.968 nemendur og kennarar í 176 hópum. Boðið var upp á safnfræðslu í öllum deildum safns- ins bæði um sýningar og í sérheimsóknir. Þá fór safnfræðslufulltrúi í heimsókn í grunn- og leikskóla. Eins og undanfarin ár var mestur fjöldi gesta í fræðsludagskrá safnsins um jólin en þá komu í heim- sókn 1.255 nemendur og kennarar. Í samvinnu við Amtsbókasafnið var boðið upp á sumarnámskeiðið Sumarlestur - Akureyri bærinn minn. Safnið stendur að Barnabókasetri Íslands ásamt Háskólanum á Akureyri, Amtsbókasafninu, Siung, IBBY, Rithöfundasambandi Ís- lands og Félagi fagfólks í skólabókasöfnunum. Haldin var samkeppni í Eyjafirði um bestu myndbandsumfjöllun um barnabók undir heitinu Siljan. Stofnunin stóð einnig að rannsókn á lestrarvenjum.

Aðalsýning Minjasafnsins var „Ertu tilbúin, frú forseti?“ sem var sett upp í samvinnu við Hönnunarsafn Íslands í tilefni 100 ára kosn-

ingarréttarafmælis kvenna. Af sama tilefni var farin sérstök sögu- ganga um slóðir Vilhelminu Lever. Safnið var einnig samstarfsaðili að sýningu á Listasafninu á Akureyri um listakonuna í Fjörunni, El- ísabetu Geirmundsdóttur. Sýningin „Land fyrir stafni – Íslandskort 1547-1808“ var sett upp í minni sal safnsins og árleg jólasýning; „Bráðum koma blessuð jólin“, fjallaði um hvernig fólk telur dagana til jóla. Safnið leitaði til almennings um lán á gripum á sýninguna og lánuðu 18 einstaklingar 53 gripi.

Samstarf við samfélagið var eins og áður gott enda er það það- an sem gripir safnsins koma. Í ár bættust við 89.192 ljósmyndir frá 29 einstaklingum. Stærsta einstaka gjöfin voru ljósmyndir Matthías- ar Gestssonar, 85.894 myndir. Nýir gripir voru 239 en þar á meðal voru gripir og listaverk Elísabetar Geirmundsdóttur, listakonunnar í Fjörunni.



Stærsta verkefni munadeildar var eins og undanfarin ár skráning og varðveisla safngripa. Unnið var að því að gera ljósmyndir að- gengilegar á Sarpur.is og voru settar inn 7.539 ljósmyndir, stærstur hluti þess voru myndasafn KEA. Einnig voru ljósmyndir Ferðafélags Akureyrar færðar á stafrænt form. Á Sarpur.is er aðgengileg skrá yfir ljósmyndir og muni safnsins. Notkun á vefnum hefur farið sífellt vaxandi og sú aðstoð sem notendur vefsins veita safninu með því að senda inn nýjar og betri upplýsingar um ljósmyndir og gripi er ómetanleg.

Árið 2015 var hið fyrsta í rekstri **Menningarfélags Akureyrar (MAK)** þar sem rekstur Menningarhússins Hofs (MH), Leikfélags Akureyrar (LA) og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands (SN) var sam- einaður. Fyrsta almanaksár í rekstri MAK hefur einkennst af kraftmikl- um og fjölbreyttum viðburðum sem vakið hafa verðskuldaða athygli á landsvísi. Gestafjöldi hefur farið fram úr björtustu vonum og hafa um 22.000 gestir sótt viðburði í Hofi og Samkomuhúsinu.

Starfsemi Leikfélags Akureyrar undir merkjum MAK hófst með Leik- listarskóla LA og sviðsetningu á nýrri leikgerð á Lísu í Undralandi í Samkomuhúsinu við góðan orðstír og ágætis aðsókn.

Í mars hóf MAK nýja starfsemi undir forystu tónlistarsviðs. Það felst í því að bjóða kvikmynda- og plötuframleiðendum aðstöðu Hofs og liðsinni SN til að taka upp sinfóníska tónlist. Þessi starfsemi fór afar vel af stað og hefur SN nú þegar hljóðritað fimm stór verkefni fyrir framleiðendur á borð við Disney, Sony, Tonelist Inc. og fleiri. Með því að bæta þessum verkefnum við snemma árs náðist að auka starf- semi SN um 200 % og þar með tekjur tónlistarmannanna og MAK.

Í maí var frumsýndur nýr íslenskur einleikur „Let’s talk Arctic“ í Hömrum og var hann sýndur 35 sinnum yfir sumarið fyrir gesti og gangandi sem hluti af sumardagskrá MAK í Hofi. Á Akureyrarvöku stóð leiklistarsvið fyrir „FEN - Ferð til enda nætur“ sem var krefjandi eltingaleikur um stræti bæjarins og „Play Akureyri“ sem var vinnu- stofa um leikhús í hinu opinbera rými og vonandi visir að leiklistarhá- tíð í framtíðinni.

Í Hofi voru haldnir ýmsir stórtónleikar, má þar nefna tónleika með tónlist Bítlanna, Tom Jones og Tinu Turner. Þá héldu Björgvin Hall- dórsson, Nýdönsk og Karlaðóttir Hreimur ásamt Ljótu hálfvitunum tónleika á árinu. Hinar stórglæsilegu tónleikasýningar „Bat out of Hell“ og „Jesus Christ Superstar“ voru einnig sýndar í Hofi.

Þegar vetrardagskrá MAK hófst í lok ágúst tóku hjólin virkilega að snúast. Fólk flyktist á „Syngdu með“ tónleikana sem var framlag SN á Akureyrarvöku. Aðsókn var góð á „Ávaxtakjóðuna“, sinfónískar svitur sem voru skrifaðar upp úr söngleikjunum Ávaxtakörfunni og Skilaboðaskjóðunni. Þegar samstarf þungarokkshljómsveitarinnar Dimmu og SN, undir vörumerkinu SinfoniaNord, hófst var augljóst

að Íslendingar kunnu að meta þann bræðing. Um 2.500 manns keyptu sér miða á þrenna tónleika hljómsveitanna og voru tónleikarnir einnig fluttir í Eldborg. Herlegheitin var fest á filmu og sýndi Stöð 2 tónleikana á besta tíma um jólahátíðarnar. Þessi nýja starfsemi hefur haft góð áhrif á vörumerkið SinfoniaNord og berast nú hljómsveitinni mýrmörg tilboð um samstarf frá stórum listamönnum sem hafa áhuga á að fá sínfónískan hljóm í verk sín.

Í september frumsýndi Leikfélagið "Býr Íslendingur hér?" í Samkomuhúsinu og var sérstaklega ánægjulegt að fá Arnar Jónsson til að stíga aftur á sviðið þar sem hann hóf ferilinn. Í október frumsýndi félagið nýtt íslenskt verk eftir Sögu Garðarsdóttur og Halldór Laxness "Þetta er grín án djóks" í Hamraborg í Hofi við mikil hlátrasköll og frábær viðbrögð. Það er akkur fyrir Norðurland að fá hingað ferskustu og beittustu sviðslistamenn landsins. Sýningin var sýnd í Hörpu fyrir 800 áhorfendur og var vel heppnað menningarlegt "strandhögg" í höfuðborginni. Í nóvember hófst verkefnið „Borgarasviðið“ sem nú rannsakar spurninguna „Hvað er Akureysk menning?“ Borgarasviðið nýtur liðsinnis Akureyringa af ólíkum uppruna og menningarbakgrunni. Það er tækifæri fyrir borgarana til að greina og túlka samfélag okkar með tækjum leikhússins. Í desember var frumsýnt nýtt íslenskt barnaverk "Grýla" í Samkomuhúsinu. Verkið var hluti af samfélagsverkefni Norðurorku og MAK. Yfir 1.000 börn komu og sáu verkið án endurgjalds á þremur dögum.

Kristjana Arngrímsdóttir og kvenarmur SN flutti fjölbreytta dagskrá fyrir fullum sal Hamraborgar í nóvember. Því næst tók klassíkin við og flutti SN Jólahátíð J.S. Bachs. Uppselt var á þá tónleika og ef hluti hljómsveitar hefði ekki þurft að fljúga heim um kvöldið hefði verið hægt að halda aukatónleika. Það er ljóst að norðanmenn eru með breiðan tónlistarsmekk því strax í janúar var einnig uppselt á Disney-sýningu Gretu Salóme.



Í Hofi voru haldnir tíu stórir jólatónleikar af ýmsum toga fyrir fullu húsi. Menningarbrú milli Hofs og Hörpu hefur verið stofnuð og mun hún kristallast með komu Rússneska ballettsins til Akureyrar haustið 2016.

Í byrjun desember hófust æfingar á stórsýningunni Pílu Pínu í Hofi. Þar koma saman kraftar allra félaganna í stórbrotinni sýningu sem færir þessa fallegu sögu, og tónlistina, nýrri kynslóð til upplifunar og yndis.

Það er greinilegt að sameining félaganna var rétt ákvörðun sem skilar góðum árangri.

Búsetudeild


Búsetudeild veitir margvíslega þjónustu sem ætlað er að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa því aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingu á högum sem kunna að verða samfara hækkandi aldris, fötlun eða veikindum.

Helstu þættir í þjónustu deildarinnar 2015 voru félagsleg heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, sértæk heimaþjónusta við aldrað og fatlað fólk, frekari liðveisla við fatlað fólk, sértæk búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk, skammtíma- og skólavistun fatlaðs fólks og ráðgjöf iðjupálfa auk heilsuefandi heimsóknna til aldraðra sem veitt var hluta ársins. Stærstu notendahóparnir eru eldri borgarar og fatlað fólk. Auk þess að veita Akureyringum þjónustu sinnir deildin afmarkaðri þjónustu við íbúa Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps,


samkvæmt samningum þar að lútandi.

Félagsleg heimaþjónusta eykst jafnt og þétt í takt við þá stefnu að sem flestir skuli búa á eigin heimili í stað þess að flytja á stofnun vegna sjúkdóma eða fötlunar. Þjónustan er margvísleg, frá því að vera minniháttar aðstoð við heimilishald upp í að vera mjög umfangsmikil þjónusta þar sem veitt er aðstoð við allar athafnir daglegs lífs og til þátttöku í samfélaginu. Á árinu 2015 var bætt við þjónustu um helgar og eru nú tvær morgunvaktir allar helgar auk kvöldvaktar sem er alla daga ársins. Fjöldi heimila sem fékk heimaþjónustu á árinu 2015 var 620 og á þeim heimilum bjuggu 842 einstaklingar. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn alla daga ársins en næturvaktin er samstarfsverkefni heimaþjónustu og heimahjúkrunar.

Fjöldi heimila með almenna félagslega heimaþjónustu 2008-2015




Hlutfall 65 ára og eldri sem fengu heimaþjónustu



Sértæk búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk er mjög fjölbreytt. Á síðasta ári naut 81 einstaklingur þjónustunnar. Af þeim bjuggu sex á áfangahemili sem er tímabundin búseta fyrir fólk með geðraskanir en þar er veittur stuðningur og aðstoð sem miðar að því að fólk geti lifað án eða með lítilli aðstoð í framtíðinni. Aðrir búa í íbúðakjörnum þar sem nokkrar íbúðir eru undir sama þaki eða stutt á milli þeirra. Í sumum tilfellum er sameiginlegt rými fyrir íbúa og/eða starfsmannaaðstaða. Veittur er stuðningur eftir þörfum hvers og eins. Í byrjun árs var tekinn í notkun nýr þjónustukjarni með sex íbúðum. Þrír einstaklingar sem dæmdir höfðu verið til að sæta öryggisvistun nutu þjónustunnar. Íbúðir þeirra eru sérstaklega hannaðar og starfsmannafjöldi tekur mið af aðstæðum. Þrjú herbergjasambýli eru starfrækt á vegum Akureyrarbæjar þar sem 16 einstaklingar búa en stefnt er að því að bjóða þeim búsetu í íbúðum. Auk þess fengu 33 einstaklingar sértæka heimaþjónustu/frekari liðveislu sem er meira en 10 klst. þjónusta á viku.

Sértæk búsetuþjónusta og frekari liðveisla



Skammtímaþjónusta fatlaðs fólks er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur barna með verulega fötlun eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmennt og fullorðin fatlað fólk sem enn býr í foreldrahúsum. Skammtímaþjónusta býður upp á neyðarvistun ef óvænt atvik eða

áföll koma upp hjá fjölskyldum notenda. Í skammtímaþjónustu voru alls 21 einstaklingur á árinu, átta voru yngri en 18 ára en þrettán fullorðnir. Undanfarin ár hafa eldri notendur farið í búsetuúrræði og yngri börn komið inn sem þurfa mikla þjónustu. Vistunarsólarhringar skammtímaþjónustu árið 2015 voru 1.401, þar af 57 neyðarvistunarsólarhringar. Boðið er upp á skólavistun frá kl. 13-17 virka daga fyrir börn/ungmenn á aldrinum 10-20 ára sem eru með skilgreinda mikla fötlun. Yfir sumartímann er einnig í boði vistun fyrir sama hóp en 6-9 ára börn bætast við. Í boði eru ýmis tómstundatilboð, frjáls leikur, útvera og vettvangsferðir. Alls nýttu 18 börn og fjölskyldur þeirra sér þessa þjónustu árið 2015 í samtals 2.191 dag.


Heilsuefandi heimsóknir er þjónusta sem felst í því að öllum 75 ára og eldri, sem búa heima og ekki njóta umfangsmikillar þjónustu, er árlega boðin heimsókn heilbrigðisstarfsmanns auk þess sem starfsmenn hafa símatíma alla virka daga. Þjónustan er greidd af rekstri heilsugæslunnar og nær til alls upptökusvæðis Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri. Markmið heimsóknanna er að viðhalda heilbrigði og sjálfstæði sem lengst, efla sjálfsstraust og auka öryggiskennd, jafnframt að veita ráðgjöf og upplýsingar um ýmsar lausnir á algengum vandamálum svo og þá þjónustu sem í boði er. Þjónustan færðist 1. júní til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands.

Félagsleg liðveisla er ætluð fötluðu fólki sem þarf félagslegan stuðning með það að markmiði að njóta félagslega einangrun og styðja það til að njóta menningar og félagslífs. 120 nutu þjónustu félagslegrar liðveislu til lengri eða skemmri tíma á árinu 2015. Til að vega upp á móti biðtíma eftir liðveislu var boðið upp á hópastarf í Rósenborg fyrir drengi á aldrinum 10-16 ára sem ekki nutu þjónustu félagslegrar liðveislu. Alls tóku 16 drengir þátt í hópastarfinu, 7 í yngri hóp (10-12 ára) og 9 í eldri hóp (13-16 ára).

Á búsetudeild er veitt þjónusta iðjuþjálfna á sviði endurhæfingar, heilsuefingar, vinnuvistfræði og hjálpartækjamála. Árið 2015 fengu 134 einstaklingar á öllum aldri ráðgjöf, 96 konur og 58 karlar.

Búsetudeild hefur á að skipa öflugum starfsfólki með reynslu, þekkingu og áhuga á að veita þjónustu sem löguð er að mismunandi þörfum fólks fyrir stuðning. Í árslok voru starfsmenn deildarinnar 252 í 186 stöðugildum. Að auki voru 50 í tímavinnu í félagslegri liðveislu og 46 í tímavinnu á öðrum deildum búsetudeilda. Af starfsmönnum sem voru í starfsþróun voru 85 karlar í 64,5 stöðugildum og 167 konur í 121,5 stöðugildum. Karlar voru því 34% af vinnuafli í 35% stöðugilda og konur voru 66% af vinnuafli í 65% stöðugilda. Er þetta sambærilegt hlutfall og árið á undan. Af tímavinnustarfsmönnum voru karlar 38 talsins og konur 58 talsins, að einhverju leyti geta einstaklingar verið bæði í starfsþróun hjá búsetudeild og í tímavinnu á annarri starfsstöð.


Hlutfallsleg kynjaskipting stöðugilda hjá búsetudeild



Fasteignir Akureyrarbæjar

Fasteignir Akureyrarbæjar voru stofnaðar í mars 2001 og eru eignarhalds- og rekstrarfélag í eigu Akureyrarbæjar. Framkvæmdaráð fer með stjórn félagsins sem hefur umsjón með öllum fasteignum í eigu bæjarins. Helstu verkefni félagsins eru nýframkvæmdir, kaup og sala eigna, viðhald eigna og útleiga þeirra. Hjá Fasteignum Akureyrarbæjar starfa þrjár konur og sex karlmenn.

Fasteignir hafa í umsýslu sinni um 150 þúsund fermetra sem skiptast á milli þjónustuflokka eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Auk þess er Akureyrarbær með um 300 leiguíbúðir sem eru 25 þúsund fermetrar.



Nýframkvæmdir

Borgargil 1, þjónustuíbúðir

Húsið stendur á lóð við Borgargil 1 með aðkomu frá Borgarbraut. Byggingin er á einni hæð og rúmar sex íbúðir ásamt sameiginlegum rýmum sem eru borðstofa og eldhús, geymsla, skrifstofa, þvottahús, ræsting, sjúkrabað og inntaksrými. Íbúðirnar eru tengdar saman með yfirbyggðum gangi, þrjár sitt hvoru megin við borðstofu og eldhús sem er miðlægt í húsinu á móti aðalinngangi hússins. Íbúðirnar eru ætlaðar fötluðu fólki. Brúttóstærð húss er 597 m². Nettóstærð íbúða er um 55 m². Nettóstærð íbúða með sameign er um 81 m². Starfsmannarámi er nettó 30,5 m².



Framkvæmdir við jarðvegsskipti hófust í nóvember 2013 og við uppsteypu húss í janúar 2014. Verklök voru í janúar 2015. Húsið var vígt og formlega afhent notendum 29. janúar 2015.

Þórunnarstræti 99

Seinni hluta ársins 2014 hófst vinna með skátafélaginu Klakki á Akureyri við að skipuleggja jarðhæð hússins við Þórunnarstræti 99 fyrir starfsemi félagsins. Verkið var boðið út í verkgreinaútboði í febrúar 2015 og verður afhent notendum í febrúar 2016. Byggingin er þrjár hæðir og grunnflötur hverrar hæðar er um 310 m². Heildargrunnflötur byggingarinnar er því um 930 m².

Naustaskóli

Fasteignir Akureyrarbæjar óskuðu eftir tilboðum í innahússfrágang kennaraálmu og frágang á tæknirými Naustaskóla í febrúar 2015. Stærð kennaraálmu er 316 m² og tæknirými 62 m², samtals 378 m². Verkið var boðið út sem iðngreinaútboð. Tilboð voru opnuð 10. febrúar 2015. Verkinu átti að vera lokið 24. júlí 2015, samkvæmt verksamningi. Sú áætlun stóðst að mestu og var húsnæðið afhent til notkunar í byrjun ágúst 2015.

Þann 10. mars 2015 voru opnuð tilboð í innahússfrágang á íþróttahúsi og búningaálmu Naustaskóla. Verkið er boðið út eftir iðngreinum og skipt upp í 6 flokka; lagir, loftræstingu, rafmagn, húsasmiði og innréttingar, dúklagnir og málun. Stærð íþróttahúss er um 824 m² á 1. hæð og 202 m² á 2. hæð, samtals 1.026 m². Verklök eru áætluð í júní 2016. Samkvæmt framkvæmdaframliti Akureyrarbæjar má ætla að skólinn verði fullbyggður með frágenginni lóð í lok ársins 2017. Heildarstærð skólans með íþróttahúsinu er um 6.200 m².



Sundlaug Akureyrar

Stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar samþykkti við gerð þriggja ára áætlunar 2014-2017 að endurnýja rennibrautir í Sundlaug Akureyrarbæjar. Haldin var opin samkeppni á milli áhugasamra í opnu útboði á árinu 2014. Óskað var eftir því að uppgönguturninn fyrir rennibraut yrði yfirbyggður, upphitaður og vel loftræstur. Sömu leiðis var talinn mikill kostur ef rennibrautirnar byðu upp á nýja upplifun fyrir sundlaugargesti sem ekki finnst annars staðar á landinu. Eftir skoðun á svæði og landlegu var tekin ákvörðun hjá verkefnisliði rennibrautarinnar um að spegla brautunum yfir vestan við lendingarlaug og var sú tillaga kynnt fyrir Stjórn Fasteigna á haustdögum 2014. Helstu rök fyrir þeirri ákvörðun eru að betri nýting fengist á sundlaugarsvæðið og meira er horft til framtíðarskipulags, svæði sem er að mestu ónotað í dag fær aukid hlutverk. Sömu leiðis má nefna barnabrautina sem flyst nær barnasvæðinu upp við húsið. Ungbarnasvæðið er þá orðið meiri heild og á skjólsælum stað á sundlaugarsvæðinu. Tekin var ákvörðun um að koma fyrir nýjum heitum potti sem þjónaði breiðari hópi við vesturenda lendingarlaugar. Í framkvæmdayfirliti Akureyrarbæjar kemur fram að áætlað er að framkvæmdum við rennibraut, umhverfi og nýjan pott ljúki á árinu 2017.

Yfirborðsefni verður endurnýjað
Barnaleiklaugin verður endurbætt
Þrjár nýjar rennibrautir
Yfirbyggð og upphitað uppgöngustigahús við rennibrautirnar
Lendingarlaug stækkuð
Nýr pottur og fosslaug við rennibrautir
Ný sólbaðsaðstaða



Listasafnið á Akureyri

Á árinu 2011 kom fram hugmynd um að tengja saman Listasafn og Ketilhús. Markmiðið er að gera sýnilegt að um eina stofnun sé að ræða og eins var talið að með því móti væri hægt að hagræða í rekstri safnsins. Lengi hefur staðið til að taka efri hæðir hússins undir starfsemi Listasafnsins, enda byður 3. hæð hússins upp á frábæra möguleika fyrir safnið þar sem rýmin sem þar er að finna eiga sér varla hliðstaðu hér á landi og myndi þetta því setja Listasafnið á Akureyri í einstaka stöðu meðal safna á Íslandi.

Í framkvæmdayfirliti Akureyrarbæjar 2015 kemur fram að áætlað er að fara í endurnýjun á húsnæðinu og hófst hönnun á árinu. Haldinn var hugarflugsfundur í apríl þar sem fólk úr hinum ýmsu greinum viðraði hugmyndir um starfsemi í húsinu og hvernig hægt

væri að nýta það til að efla möguleika Akureyrar í menningu og listum, sem og í ferðapjónustu, svo eitthvað sé nefnt. Notendur hafa lagt áherslu á að tengja húsin saman með tengibyggingu á tveimur hæðum og að aðalaðkoma verði sameiginleg. Hönnunar- og verk-tími er áætlaður frá árinu 2015 og að verklok verði 2018. Á árinu 2015 var farið í endurnýjun á þakeinangrun, þakdúk, þakköntum og yfirborðsefni á 3 af 4 þökum listasafnsins.

Leiguíbúðir

Keyptar voru fjórar tveggja herbergja íbúðir á árinu 2015.

Viðhald eigna

Leikskólar

Stærsta viðhaldsverkefni ársins í leikskólum var vinna við leiksvæði við leikskólana Lundarsel og Íðavöll þar sem var farið í að setja nýjar fallvarnir undir leiktæki og endurskipulag á lóðum með tilliti til barnanna og þarfa þeirra. Farið var í töluverðar múrviðgerðir bæði við Naustatjörn og Hólmasól. Málað var innanhúss á Naustatjörn, Lundarseli, Kídagili og Krógabóli. Salernisaðstaða fyrir Naustatjörn var bætt. Eins var gert átak í endurnýjun á neyðarlýsingu í Pálmholti efra og neðra. Eldhús í Lundarseli var endurnýjað með nýjum stálborðum og þvottahús lagað.

Grunnskólar

Mikill jarðvatnsleki kom inn í grunn Síðuskóla undir dúk og í innveggi. Til þess að taka á vandanum var farið í samstarf við starfsfólk skólans og tölvustofa/bókasafn flutt á efri hæðir. Gólfefni var rífið og brunnar sagaðir undir gólfplötu til að dæla út grunnvatni. Allar skemmdir á veggjum voru lagaðar, einn veggur færður til fyrir tölvustofuna og nýtt gólfefni sett á bókasafnið. Einnig voru grafnar niður drenlagnir vestan við skólann og lóð endurbætt. Við Brekkuskóla var snjóbræðsluferfi endurnýjað í stétt að norðan og mikið málað að innan. Í Gleráarskóla var hluti loftræsikerfis mikið endurnýjað. Í Oddeyrarskóla var skipt um gler og fög í vesturálm.

Menningarmannvirki

Styrkur barst frá húsafríðunarnefnd fyrir hluta framkvæmda við Nonnahús þar sem farið var í að laga þak á vesturhluta byggingar. Í Hofi var útbúin leikmunageymsla í kjallara og mikið var málað í tónlistarskóla. Þrep í stiga Amtbókasafnsins voru þússuð, móttaka færð innar í gömlu bygginguna en við þær breytingar þurfti að laga tölvulagnir talsvert og um leið var loftræsikerfi mikið endurnýjað. Skjalageymsla var löguð í Samkomuhúsinu með nýrri loftræsing, veggir og gólf voru þússuð upp og máluð, einnig var brunakerfi hússins talsvert bætt. Byrjað var að laga lóð og stíg að Davíðshúsi og verður það klárað sumarið 2016. Í Holti í Hrísey, húsi Öldu Halldórsdóttur, var skipt um gler og opnanleg fög þússuð og löguð.

Íþróttamannvirki

Skipt var um varmanýtingarhjól í íþróttamiðstöðinni við Giljaskóla og hluta af loftljósum í sal. Bætt var 10 tonnum af gúmmí í

gervigrasið á KA-velli. Við Reiðhöllina var lagað lofttræsikerfi og gólf endurbætt með skeljasandi. Gert var við múr á Rósenborg og húsið málað að utan. Skipt var um þakdúk, þakeinangrun og þakkanta á hluta Íþróttahallarinnar. Búningsherbergi í KA-heimilinu voru endurbætt. Brunavarnir og flóttaleiðir í skíðahótelinu í Hlíðarfjalli voru bættar.

Öldrun, þjónustuheimili

Sameiginlegt eldhús í Snægili 1 var endurnýjað og hitakerfi hússins endurbætt. Gólfefni var endurnýjað í Hafnarstræti 16 og neyðarlýsing sett upp í húsinu. Í Þrastarlundi var gert við múr og byrjað að mála húsið að utan. Það verður klárað sumarið 2016. Við þjónustumiðstöðina í Víðilundi voru stígar á lóð mikið endurnýjaðir, eins lýsing og beð voru lagfærð. Byrjað var að endurnýja uppþvottavélur og laga eldhús í sameiginlegum rýmum í Lögmanshlíð. Mikið var málað innanhúss í Hlíð. Þar var einnig unnið við neyðarljós og brunakerfi stórbætt. Húsið að Suðurhlíð var málað og gert við múr. Í Jörvaþyggð 14 voru þakkantar og þakrennur endurnýjaðar. Í Vallartúni 2 var ofnakerfi sett í glerbyggingu.

Þjónustumannvirkir

Á Slökkvistöð Akureyrar voru ofnar og hitablásarar endurnýjaðir. Einnig var orðið tímabært að endurnýja bílskúrhúðir fyrir sjúkrabíla og því var það gert. Endurnýjuð var eldhúsinnrétting á 3. hæð Ráðhússins og gert við múr utanhúss.

Leiguíbúðir

Skipt var um gler og gluggalista í Smárahlið 1-3. Miklar lagfæringar voru gerðar á Einholti 10c. Skipt var um innréttingar og gólfefni í Tjarnalundi 16b og h, auk hefðbundins viðhalds í átaksverkefni á íbúðum sem komnar eru til ára sinna. Endurnýja þurfti krossvið í þaki á Fossatúni 7.

Fjármála- og hagþjónusta

Fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2015 var samþykkt í bæjarstjórn 16. desember 2014.

Rekstrartekjur Akureyrarbæjar á árinu námu 20.670,5 m.kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 19.745,4 m.kr. Rekstrartekjur A-hluta námu 15.362,9 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 14.841,2 m.kr. Rekstrargjöld sveitarfélagsins á árinu námu 19.715,2 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð 18.955,7 m.kr. Rekstrargjöld A-hluta námu 15.533,5 m.kr. miðað við 14.731,3 m.kr. í fjárhagsáætlun. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 286,8 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 1.317,9 m.kr. fjármagnsgjöldum umfram fjármagnstekjur. Rekstrarniðurstæða samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var jákvæð um 1.121,9 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 593,0 m.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstæða A-hluta var neikvæð um 469,2 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 631,3 m.kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir bæjarins bókfærðar á 41.735 m.kr. Þar af eru veltufjármunir 5.791 m.kr. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins nema samkvæmt efnahagsreikningi 23.403 m.kr. Þar af eru skammtímaskuldir 3.659 m.kr. Veltufjárhlutfallið er 1,58 í árslok en var 1,12 árið áður. Bókfært eigið fé nemur 18.333 m.kr. í árslok sem er 44 % af heildarfjármagni en var 0,43 % árið áður.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 2.269 m.kr. og handbært fé frá rekstri 2.476 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar námu nettó samtals 498 m.kr. Fjármögnunarhreyfingar námu nettó samtals – 289 m.kr. Afborgun langtímalána nam 1.023 m.kr. Ný langtímalán námu 813 m.kr. Handbært fé sveitarfélagsins í árslok nam 3.511 m.kr.

Heildarlaunagreiðslur án launatengdra gjalda og breytingu lífeyrisskuldbindinga hjá samstæðunni voru 9.193 m.kr. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 1.525 sem er fækkun um 27 frá fyrra ári. Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins ásamt lífeyrisskuldbindingum, í hlutfalli við rekstrartekjur þess voru 58,2 % . Annar rekstrarkostnaður var 30,6 % af rekstrartekjum. Skatttekjur sveitarfélagsins voru 644 þús.kr. á hvern íbúa en heildartekjur samtals 1.130 þús.kr. á hvern íbúa. Árið 2014 voru skatttekjurnar 590 þús.kr. á hvern íbúa og heildartekjurnar 1.073 þús.kr.

Ársreikning bæjarins er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is/ymсар-fjarmalaupplýsingar/

Húsnæðisdeild

Húsnæðisdeild sér um félagslegar leiguíbúðir Akureyrarbæjar í umboði fjármálastjóra og í samræmi við reglur sem um þær gilda. Má þar nefna móttöku umsókna, umsókn umsóknarlista, úthlutanir, gerð leigusamninga, umsókn með greiðslu húsaleigu og eftirlit með að skilyrðum sé fullnægt. Einnig sér húsnæðisdeild um greiðslu almennra og sérstakra húsaleigubóta ásamt ráðgjöf og upplýsingagjöf tengdri húsnæðismálum.

Í árslok 2015 voru 163 aðilar á umsóknarlista eftir íbúð hjá Akureyrarbæ en auk þess höfðu 26 leigjendur óskað eftir flutningi innan kerfisins í hentugra húsnæði. Í árslok 2015 voru 304 leiguíbúðir og hús í eigu Akureyrarbæjar auk þess sem 29 íbúðir eru leigðar af öðrum og eru flestar framleigðar til fatlaðra sem þurfa sértækt húsnæði. Samtals eru því leigð út 333 rými. Þrjár 2ja herbergja íbúðir voru keyptar á árinu ein 4ra herbergja. Fjórum íbúðum var skilað aftur til eiganda þar sem leigusamningar fengust ekki framlengdir. Umsóknir um leiguíbúð á árinu voru 112 en voru 141 árið 2014 og 193 árið 2013 og voru 87 þeirra samþykktar en 25 hafnað þar sem skilyrði voru ekki uppfyllt eða umbeðin gögn bárust ekki. Umsóknir voru umtalsvert færri á árinu 2015 en árin á undan og ákveðið hámark árið 2013 en biðtími hefur þrútt fyrir það lengst þar sem leigjendaskipti eru færri en verið hefur. Úthlutanir voru 48 á árinu en 6 höfnuðu úthlutun og féllu út af lista. Þannig urðu leigjendaskipti í 42 íbúðum. Til samanburðar má nefna að á árinu 2013 fengu 76 úthlutun en 21 umsækjandi hafnaði úthlutun.

Um áramótin 2015/2016 fékk 61 (37,2 %) af þeim 163 sem eru á biðlista eftir félagslegri leiguíbúð greiddar sérstakar húsaleigubætur. Skilyrði þess að fá slíkar bætur eru þau sömu og uppfylla þarf til að eiga rétt á félagslegri leiguíbúð hjá Akureyrarbæ auk þess að hafa átt lögheimili í sveitarfélaginu 12 mánuði á undan umsóknarmánuði.

Almennar húsaleigubætur

Almennar húsaleigubætur eru greiddar leigutökum íbúðarhúsnæðis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Markmið með bótunum er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra og jafna aðstöðumun á húsnæðismarkaði. Greiddar almennar húsaleigubætur námu 291,3 milljónum á árinu 2015 á móti 305,5 milljónum á árinu 2014 og er það 4,6 % lækkun á milli ára. Fjöldi bótaþega var 1.004 í lok árs 2015 en 1.101 árið 2014 sem er fækkun um 8,8 % á milli ára.

Heildarfjöldi þeirra sem fékk húsaleigubætur á árinu var 1.321 en var árið áður 1.341.

Skipting umsækjenda um húsaleigubætur eftir atvinnustöðu og fjölskyldugerð í lok árs 2015 var sem hér segir:

Almennar húsaleigubætur

Atvinnustaða	Gift/samb. með börn	Gift/samb. án barna	Einstæðir foreldrar	Einhleypar konur	Einhleypir karlar	Samtals
Í atvinnu	61	11	135	74	56	337
Atvinnulaus	5	4	24	11	10	54
Öryrkjar	13	11	80	102	119	325
Ellilífeyrisþegar	0	13	0	29	23	65
Heimavinnandi	0	0	1	0	0	1
Nemar	18	22	23	95	64	222
Samtals	97	61	263	311	272	1.004

Sérstakar húsaleigubætur

Sérstakar húsaleigubætur eru greiddar til þeirra sem leigja á almennum markaði og uppfylla reglur um úthlutun leiguíbúða Akureyrarbæjar ásamt því að hafa átt lögheimili á Akureyri síðast liðna 12 mánuði.

Á árinu 2015 voru greiddar 65 milljónir til að meðaltali 416 einstaklinga á mánuði. Á móti 63,6 milljónum árið 2014. Aukning á milli ára er 2,2 % og fjölgun bótaþega er 4,5 % á milli ára. Þeir voru að meðaltali 398 árið 2014. Meðaltal bótaupphæðar voru tæpar 13.023 kr. á mánuði á hvern umsækjanda. Samtals fengu 506 sérstakar húsaleigubætur á árinu öllu.



Skipting umsækjenda um húsaleigubætur eftir atvinnustöðu og fjölskyldugerð í lok árs 2015 var sem hér segir:

Sérstakar húsaleigubætur

Atvinnustaða	Gift/samb. með börn	Gift/samb. án barna	Einstæðir foreldrar	Einhleypar konur	Einhleypir karlar	Samtals
Í atvinnu	3	2	65	11	8	89
Atvinnulaus	1	3	18	8	3	33
Öryrkjar	7	7	69	74	77	234
Ellilífeyrisþegar	0	4	0	23	19	46
Heimavinnandi	0	0	1	0	0	1
Nemar	1	0	5	0	1	7
Samtals	12	16	158	116	108	410

Fjölskyldudeild

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópnum eins og flest árin og kerfisbreyting varð með því að verkefnastjórnastöðu í félagsþjónustu var breytt í forstöðumannsstöðu. Á árinu urðu yfirmannsskipti á Plastiðjunni Bjargi/Iðjulundi.

Í málaflokki fatlaðra fóru fyrstu börnin í SIS mat og endurnati á yfirfærslunni á málaflokknum frá 2011 lauk með ítarlegri skýrslu og samkomulagi um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga auk sérstaks samkomulags um atvinnumál fatlaðra. Í barnavernd hófst innleiðing á matskerfinu „Ester“ á vegum Barnaverndarstofu og tóku barnaverndarstarfsmenn frá fjölskyldudeild þátt í því. Á árinu hófst þjónusta frá Barnaverndarstofu í úrræðinu MST í umdæmi barnaverndarnefndar Eyjafjarðar. Þann 1. mars hófst áttak gegn heimilisofbeldi í samstarfi við lögreglustjórn á Norðurlandi eystra en félagsmálaráð og bæjarstjórn Akureyrar höfðu samþykkt að bærinn beitti sér fyrir slíku átaki. Um eins árs verkefni er að ræða og árangur skal metinn að því loknu.

Í fyrsta skipti í mörg ár hafa útgjöld til fjárhagsaðstoðar lækkað. Heildarútgjöldin voru 144.824 m.kr. sem um er 7 m.kr. lægri upphæð en árið áður. Um er að ræða 4,64% lækkan. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar voru einnig færri eða 363 á móti 425 árið áður og er það fækkun um 62 einstaklinga eða 14,59%. Í fyrsta sinn í langan tíma er hlutfall þeirra sem fá fjárhagsaðstoð undir 2% af íbúafjölda sveitarfélagsins eða 1,98%. Einhleypir karlar eru stærsti hópurinn eða 43% en þar á eftir koma einstæðar mæður sem eru 26% þeirra sem njóta aðstoðar. Þótt heildarfjöldi viðtakenda dragist saman fjölga þeim sem þiggja langtímaaðstoð. Þannig fengu 18 einstaklingar aðstoð í hverjum mánuði árið 2015 en 13 árið áður.

Í barnavernd var unnið með málefni 321 barns í 221 fjölskyldu. Þetta er sambærilegt og árið áður. Hins vegar varð umtalsverð aukning á milli ára í fjölda barnaverndartilkynninga og mála sem voru opnuð að frumkvæði barnaverndar. Fjöldi þessara mála var 471, þar af voru tilkynningar 450 (368 árið áður) en mál sem voru opnuð að frumkvæði nefndarinnar voru 21. Barnaverndartilkynningum hefur farið fjölgandi hin síðari ár en aldrei verið eins margar og nú. Hins vegar fjölgaði börnunum sem höfð voru afskipti af överulega 321 (315 árið áður) og gefur það til kynna að oft hafi verið tilkynnt um sömu mál. Meðalaldur barna sem koma við sögu í barnavernd hefur farið lækkan, er nú um 8 ár og hefur lækkað um u.þ.b. tvö ár á 6-7 ára tímabili. Núna eru um 40% barnanna undir grunnskólaaldri sem segir sömu sögu.

Sérfræðiþjónusta leik- og grunnskóla veitir skólabörnunum og fjölskyldum þeirra þjónustu, auk þess að sinna ráðgjöf til starfsfólks skólanna. Skólaárið 2014-2015 voru 1.245 börn í 17 leikskólum á þjónustusvæðinu en 2.900 börn í 14 grunnskólum. Málafjöldinn úr leikskólunum var 187 mál sem skiptust þannig að 172 mál komu úr leikskólum Akureyrarbæjar en 15 komu frá leikskólum utan Akureyrar. Heildarmálafjöldi úr grunnskólum var 655 mál sem skiptust þannig að 601 mál kom úr skólum á Akureyri en 54 mál komu úr skólum utan Akureyrar. Umtalsverð teymisvinna fór fram vegna fatlaðra barna og barna með hegðunarfrávik.

Markmið með stuðningsfjölskyldum í málaflokki fatlaðra er að létta álagi á fjölskyldur barna með fötlun og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku. Á árinu voru 36 börn hjá stuðningsfjölskyldu frá einum og upp í fimm sólarhringa á mánuði en alls voru veittir 992 sólarhringar í þessa þjónustu. Breyting frá fyrra ári felst í fjölgun barna um fimm og fleiri sólarhringa í samræmi við það. Um áramót var eitt barn á biðlista eftir stuðningsfjölskyldu. Alls fóru 42 einstaklingar í vinnu á almennan vinnumarkað í gegnum atvinnu með stuðningi. Á árinu voru gerðir 46 nýir vinnusamningar öryrkja en 148 samningar voru í gildi á árinu. Í lok árs voru 32

einstaklingar á biðlista eftir atvinnu.

Í Skógarlundi nutu 49 einstaklingar þjónustu sem er sami fjöldi og árið áður en þjónustustundum mældum í klukkustundum fækkaði. Flestir eru í þjónustu hálfan daginn en fjórir einstaklingar fengu þjónustu umfram fjórar stundir á dag. Alls störfuðu 18 starfsmenn í Skógarlundi í 16,3 stöðugildum, auk sumarstarfsmanna. Áhersla var lögð á félagsstarf og má þar nefna þátttöku í sýningum á vegum Listar án landamæra, aðventu og jólamarkað, opin hús og árlega jólagleði.

Rekstur Plastiðjunnar Bjargs/Iðjulundar (PBI) gekk vel á árinu 2015 en meginuppistaða verkefna er létt iðnaðarframleiðsla og þjónusta. Framleiðsluvörur eru raflagnaefni, mjólkursíur, búfjármerki, rúmfatnaður og skilti. Stærsta þjónustuverkefnið er móttaka á einnota drykkjarumbúðum fyrir Endurvinnsluna hf. en tekið er á móti einnota umbúðum frá Norður- og Austurlandi og frá Ísafirði. Sala á raflagnaefni jókst á milli ára og aukning varð í sölu á kertum enda jukust tekjur vinnustaðarins um 8,8% á milli ára. Alls voru níu starfsmenn í stöðum verkstjóra og yfirmanna í 7,9 stöðugildum en átta verkamenn í 5,27 stöðugildum, þar af fjórir á örorkuvinnusamningum. Á árinu var 41 einstaklingur, 27 karlar og 14 konur, í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun sem er fjölgun um fjóra á milli ára. Auk þess komu tveir nemar í ólaunada starfsþjálfun frá VMA. Í ótímabundinni ráðningu (verndaðri vinnu) voru 24 einstaklingar með jafnr kynjaskiptingu. Á árinu var lögð áhersla á símenntun starfsmanna með námskeiðum og kynnisferð til Dalvíkur og nágrennis.

Framkvæmdadeild

Helstu verkefni ársins 2015 við nýjar götur fólust í því að byrjað var á 6. framkvæmdaáfangi Naustahverfis sem nefnist Hagar. Lagðir verða 2,2 km af götum ásamt stígum, lýsingu og undirgöngum. Stefnit er á að verkinu ljúki sumarið 2016. Einnig var unnið að lokafrágangi við Borgarbraut ásamt gerð nýs hringtorgs á gatnamótum Borgarbrautar og Bugðusíðu. Unnið var að frágangi opinna svæða og hliðarsvæða í Naustahverfi og öðrum bæjarhlutum auk annarra smærri verkefna.

Helstu verkefni við endurbýggingu gatna var að endurgera hluta af Kjarnagötu vegna jarðsigs og einnig var byrjað á öðrum framkvæmdum í Kjarnagötu sem fólust í því að taka beygju af og „rétta úr“ götunni.

Í malbikun var lokið við að leggja á Borgarbraut og nýja hringtorgið, seinna malbikslag var lagt á Naustabraut, Jaðarstún var malbikað sem og Skipatangi.

Unnið var við frágang og lýsingu á Drottningarbrautarstíg milli Torfunefsbryggju og Leiruvegur. Gerður var 1,9 km langur stigur í gegnum golfvallarsvæðið frá Kjarnagötu að Lundahverfi. Þá voru gangstéttar og ýmsir stígar utan gatna víðs vegar um bæinn byggðir upp og malbikaðir. Alls var lagt malbik á um 1,0 km af stígum og gangstéttum.

Áfram var unnið að auknu öryggi gangandi vegfarenda, sérstaklega barna á leið úr og í skóla. Að þessum málum er unnið í samvinnu við skólafyrirvöld og nemendur. Sett var upp ný upphækkun og mjókkun á gönguþverun við gatnamót Norðurgötu og Eyrarvegur, gangbrautarlýsing í Þórunnarstræti við FSA og lokið var við frágang á Kjarnagötu framan við Naustaskóla í samræmi við skipulag, auk þess sem unnið var að minni endurbótum sem auka umferðaröryggi víðs vegar um bæinn. Einnig var unnið að hraðamælum í hverfum bæjarins og verða þær upplýsingar svo notaðar til að meta hvornig tekist hefur til með lækkan á hámarkshraða.

Umhverfismál

Til umhverfismála var varið 220 m.kr. í rekstur auk 100 m.kr í sérstakt umhverfisátak.

Lýstigarðurinn var rekinn með hefðbundnum hætti á árinu og ýmsir viðburðir voru í garðinum þetta árið, s.s. leiksyningar, hluti dagskrár 17. júní og Akureyrarvöku, ásamt dagskrá í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna.

Akureyrarbær sá alfarið um nýframkvæmdir, viðhald og umhirðu grænna svæða svo sem sáningar, grasslátt, gróðursetningar og trjá- og runnaklippingar á árinu og gekk það mjög vel.

Bæði á Akureyri og í Hrísey var baráttunni haldið áfram við að hefta útbreiðslu skógarkerfils og lúpínu en ljóst er að mjög erfið verður að útrýma þeim.

Í ræktunarstöð bæjarins voru ræktuð um 43.000 sumarblóm sem gróðursett voru víðsvegar um bæjarlandið en mest áhersla





var lögð á miðbæjarsvæðið. Þá voru í ræktun stöðvarinnar bæði trjá- og runnablöntur af ýmsum tegundum til útplöntunar í bæjarlandið ásamt um 35.000 skógarplöntum sem plantað var í Græna trefillinn norðan Glerár.

Matjurtargarðar voru líkt og undanfarin ár starfræktir í tengslum við ræktunarstöðina og er aðsókn bæjarbúa í garðland enn það mikil að ekki er hægt að verða við óskum allra. Einnig er íbúum Hríseyjar og Grímseyjar boðið upp á matjurtagarða og er ásókn í þá góð.

Rekstur opinna leiksvæða og boltavalla var með hefðbundnu sniði og rekstrarskoðanir framkvæmdar reglulega ásamt aðalskoðun sem framkvæmd var í fyrsta skipti og var gerð af óháðum aðila. Niðurstaða aðalskoðunar sýnir að Akureyrarbær stendur sig vel í viðhaldi og eftirliti með leiksvæðum.

Vinnuskólinn og sumarvinna með stuðningi voru rekin með sama sniði og árið 2014. Unglingar á aldrinum 14-16 ára voru 481 sem er svipaður fjöldi og árið áður. Fræðsla unglinganna nam um það bil 16% af heildarvinnutíma þeirra. Sumarvinna með stuðningi var einnig rekin með sama sniði og árið 2014 og mættu til starfa 60 einstaklingar sem er töluverð fækkun frá árinu áður en þá voru 89 í sumarvinnu.

Rekstur meindýra- og dýraeftirlits var hefðbundinn. Dýraeftirlitið annast eftirlit og skráningu hunda og katta, ennfremur vöktun og eyðingu á rottum, vargfugli, ref, mink og kaninum. Jarðeignir og búfjárefnir annast leigulönd bæjarins ásamt fjallgírðingu, landamerkgjafirðingu, fjallskilum og vörnum gegn riðu. Jarðeignir halda utan um útgáfu búfjárleyfa og leigu beitarlanda.

Verkefni umhverfisáðats voru mjög fjölbreytt líkt og undanfarin ár. Hverfisnefndirnar og hverfisráðin fengu 2 m.kr úthlutað og var þessum fjármunum ráðstafað til hinna ýmsu verkefna s.s. uppsetningu frísbíggjvallar, útplöntun trjá- og runnaplantna, merkingar eldri húsa, kaup og uppsetningu á svokölluðum ærslabelg í Hrísey (loftpúða), grillaðstöðu, útikennslustofu, stígagerðar, kaupa á götugögnum, útileiktæki, lýsingu í brekku sem ætluð er til útivistar o.fl.

Meðal annarra verkefna umhverfisáðatsins var að ljúka endurgerð leiksvæðanna við Suðurbyggðarvöll og Kambsmýrarvöll. Útplöntun í græna trefillinn var haldið áfram á haustdögum og gekk það verkefni vel en óhjákvæmilega verður að fækka beitarlöndum norðan Glerár enn meira svo skógræktin nái fram að ganga. Rusladöllum og bekkjum var fjölgað í bæjarlandinu og verður því verkefni haldið áfram. Nýtt og glæsilegt grillhús var reist við Birkivöll í Kjarnaskógi og þar er einnig nýtt leiksvæði með rólu fyrir fatlaða og góðu aðgengi. Bifreiðastæði í tengslum við það svæði, strandblakvellina og völuharhúsið var einnig klárað. Þá var unnið að gerð hjólfreiðaslóða frá Hlíðarfelli til Kjarnaskógar og mun því verkefni ljúka 2016. Um 50 m.kr af fjármagninu sem veitt var til umhverfisverkefnisins árið 2015 fór í stígin meðfram Drottningbrautinni sem nú þegar hefur svo sannarlega sannað sig sem góð viðbót við útivistarmöguleika bæjarbúa og gesta.

Hreinlætismál


Heimilisúrgangur frá íbúum Akureyrar hefur haldist svipaður síðustu árin. Almennit sorp sem fer í urðun á Sölvabakka var rúmlega 129 tonn að meðaltali á mánuði árið 2015 og dróst saman um 3 tonn. Endurvinnsluefni af grenndarstöðvunum hefur aukist á milli ára og var rétt um 66 tonn að meðaltali á mánuði árið 2015. Lífrænn úrgangur sem fer til jarðgerðar í Moltu er mjög svipaður á milli ára eða um 63 tonn að meðaltali á mánuði.

Áætlun ársins 2015 gerði ráð fyrir að tekjur vegna sorphreinsunar- og förgunargjalda yrðu 279 m.kr. Kostnaður við sorphreinsun, gámafvöll og sorpeyðingu var samantlagt um 277 m.kr. Gjöld stóðu því í fyrsta skipti undir kostnaði.

Sorphirðugjöld á árinu 2015 voru 37.200 kr. á hverja fasteign. Þetta var talsverð hækkun frá árinu á undan og var tilgangurinn með hækkuninni að ná tókum á eyðingarkostnaði vegna úrgangs sem barst á gámafvelli bæjarins og auka endurvinnslu. Farið var í miklar endurbætur á gámafvellinum og í júní voru tekin í notkun svokölluð klippikort með þeim árangri að eyðingarkostnaður lækkaði talsvert.

Ekki tókst að fara í endurbætur á gámafvöllum í Hrísey og Grímsey eins og til stóð.

Kostnaður við eyðingu sorps á gámafvelli á árunum 2013-2015



Á árinu var einnig unnið að auglýsinga- og kynningarmálum með það að markmiði að minnka úrgang og auka endurnýtingu.


Slökkvilið Akureyrar

Lögbundin verkefni slökkviliða í landinu eru slökkvistörf, eldvarnaeftirlit, björgun fastklemmdra og viðbrögð við mengunarslysum. Slökkvilið Akureyrar er samningsbundið til að sinna sjúkraflutningum á Akureyri og nágrenni en auk þess fer sjúkraflutningamaður í öll sjúkraflug fyrir landið allt.

Í nóvember var tekinn í notkun nýr gagnagrunnur hjá Mannvirkjastofnun sem heldur utan um öll útköll hjá slökkviliðunum í landinu. Fram að þessu hefur skráning útkalla verið bágborin en vonir standa til að nú verði breyting þar á. Af þessum sökum hafa tölulegar upplýsingar um verkefni SA undanfarin ár ekki verið eins og best var á kosið. En eins og meðfylgjandi súlurit sýnir þá hefur útköllum hjá slökkviliðinu fjölgað nokkuð síðustu ár.


Verkefni eldvarnaeftirlitsins hafa verið ærin á árinu og ber það helst að nefna mikil umsvif í ferðamannageiranum og fjölgun á húsnæði í byggingu. Einnig hafa veitingahús og skemmtistaðir þurft töluverða athygli á árinu auk ýmiss konar leyfisveitinga.

Fjöldi útkalla




Það var ekki fyrr en um mitt sumar sem tókst að ná samningi við ríkið um sjúkraflutninga fyrir árið 2015 en fram að því var framtíð núverandi rekstrar slökkviliðsins í uppnámi og allt eins víst að sólarhringsvakt yrði lögð af. Það var því nokkur léttir þegar samningur náðist en það dylst engum að þjónustustigið myndi lækka töluvert með því að fara í að vera eingöngu með hlutastarfandi slökkviliðsmenn á bakvakt. Á sama tíma og kröfur um niðurskurð verða stöðugt meiri, aukast verkefni slökkviliðsins jafnt og þétt. Liðið sinnti 2.208 beiðnum um sjúkraflutning og þar af voru 786 neyðarflutningar og 184 millistofnanaflutningar á milli sveitarfélaga, en slökkviliðið flytur sjúklinga frá Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAk) til annarra sjúkrahúsanna á svæðinu frá Egilsstöðum til Hvammstanga. Að meðaltali fara um fjórar klukkustundir fyrir tvo menn í hvern flutning.

Sjúkraflutningar



Árið 2015 var metár í flutningi sjúklinga með sjúkraflugi. Eins og áður hefur komið fram fara sjúkraflutningamenn á vegum SA með í öll sjúkraflug en sjúkraflugið er samstarf þriggja aðila, það er SA, Mýflugs og SAK. Komin er áralöng reynsla á þetta samstarf og er það með miklum ágætum. Mýflug sér um rekstur sérhæfðar sjúkraflugvélar og SAK leggur til lækni í þau útköll þar sem þess er óskað. Á árinu 2015 voru 643 sjúklingar fluttir í 597 flugum en það er um 15% auking í fjölda fluga frá árinu áður. Erfitt er að skýra þessa aukningu en ljóst má vera að aukinn ferðamannastraumur hefur þar áhrif. Tímafjöldi starfsmanna SA í tengslum við sjúkraflug var tæplega 2.300 klukkustundir en það þýðir að meðaltímalengd sjúkraflugsútkalls er um 3,5 klukkustundir. Sú þekking og sérhæfing sem til staðar er innan SA á flutningi sjúklinga með sjúkraflugi er geysilega mikil og verðmæt. Að auki er landfræðileg staðsetning Akureyrar mikilvæg fyrir sjúkraflug á Íslandi.

Sjúkraflug



Rúmlega helmingurinn af liðinu sat námskeið í sérhæfðri endurlifun snemma árs og eru allir sem að hafa komið sammála um ágæti námskeiðsins og nauðsyn á markvissri og góðri endurmenntun á þessu sviði.

Slökkvilið Akureyrar gekk í gegnum töluverðar mannbreytingar og erfið starfsmannamál á árinu 2015. Einn aðili var fastráðinn og fjórir ráðnir til afleysinga. Um mitt árið hætti slökkviliðsstjóri störfum og var varaslökkviliðsstjóri settur í hans stað. Nokkrir starfsmenn hafa glímt við erfið og langvinn veikindi og hefur það haft töluverð áhrif á kostnað við reksturinn á árinu.

Á haustdögum tóku sig saman nokkur slökkvilið, SA þar á meðal, og lögðu fram tillögur um að taka að sér kennslu fyrir atvinnuslökkviliðsmenn en það er tveggja ára nám sem Brunamálskóli Mannvirkjastofnunar á að sinna samkvæmt reglugerð. Reyndin er að þetta nám hefur ekki verið í boði síðan 2012 og þar af leiðandi eru nokkrir starfsmenn SA án þeirra réttinda sem þetta nám veitir. Samkvæmt tillögum vinnuhóps sem var settur saman er stefnt að útskrift á árinu 2017. Fjórir starfsmenn SA eru í þessu námi og um tíu starfsmenn SA koma að kennslu á námskeiðum tengdum náminu.

Slökkvilið Akureyrar er nokkuð vel búð tækjum og búnaði en þrátt fyrir það er kominn tími á endurnýjun og er þar helst að nefna slökkvigalla, reykköfunar- og fjarskiptabúnað reykkafera. Einnig þarf að huga að endurnýjun annars dælubúlsins og síðast en ekki síst þarf slökkviliðið búnað til að takast á við eld í jarðgöngum áður en Vaðlaheiðargöng verða tekin í notkun. Á vordögum var fyrir séð að talsvert þyrfti að gera við körfubíll SA en vinnueftirlitið hafði þá stöðvað notkun á honum vegna tæringar í stuðningsfótum. Eftir verðkönnun frá tveimur aðilum sem treystu sér í verkið var samið við Slippinn um viðgerðina en auk þess að setja nýja og lengri stuðningsfætur var allt glussakerfið yfirfarið og skipt um raflagnir í bómu.

SVA og ferlibílar

Útlit var fyrir að fella þyrfti niður sumarastur hjá strætisvögnum sökum manneklu í sumarafleysingum. Með samstilltu átaki starfsmanna tókst þó að aka allar leiðir og var ekið eftir óbreyttu leiðakerfi allt árið.

Keyptur var notaður strætisvagn, Mercedes Benz Citaro árgærd 2008, í byrjun árs. Farið var í endurbætur á biðsvæði strætisvagnanna í miðbænum, aðkoman lagfærð og sett upp tvö biðskýli á staðnum.

Fjöldi farþega með strætisvögnum árið 2015 var svipaður og árin á undan eða um 480.000 og eknir voru um 250.000 km.

Í dag eru 5 ferlibílar notaðir í ákstur ferliþjónustunnar. Tveir af þeim eru metanbílar og hafa þeir reynst mjög vel.

Samfélags- og mannréttindadeild

Samfélags- og mannréttindadeild hefur umsjón með rekstri félags- og tómstundamiðstöðva á vegum bæjarins og annast samskipti við félög, sem starfa á því sviði, yfirstjórn íþróttamannvirkja og samskipti við íþróttafélög og samtök. Deildin sér einnig um forvarnamál, málefni ungs fólks, málefni nýbúa, jafnréttismál og önnur mannréttindamál sem ekki eru sérstaklega falin öðrum deildum.

Tvö pólitísk ráð fara með yfirstjórn deildarinnar: Samfélags- og mannréttindaráð fer með æskulýðs-, tómstunda-, forvarna- og mannréttindamál en íþróttaráð með íþróttamál. Miðstöð deildarinnar er í Rósenborg sem áður var Barnaskóli Akureyrar.

Æskulýðs- og tómstundamál

Meðal lykilþátta í starfi félagsmiðstöðva fyrir börn og unglinga eru opin hús, kennsla í félagsmálafræði, opið klubbstarf og sértækt klubbstarf. Sem dæmi um sértækt klubbstarf má nefna „Tóta-hópana“ þar sem markvisst er unnið að því að draga úr óhöflegri tölvunotkun. Á árinu hélt áfram sértækt hópastarf fyrir nemendur í 5. og 6. bekk.

Forvarnir í viðum skilningi eru lykilinnihald í öllum starfsþáttum félagsmiðstöðvanna. Starfsfólk þeirra sér um ýmiss konar fræðslu fyrir grunnskólana og Vinnuskólann með forvarnir að leiðarljósi. Inn í starf umsjónarmanna félagsmiðstöðvanna er fléttað starf að forvörnum sem áður var á hendi sérstaks forvarnafulltrúa. Mikil samvinna er við grunnskóla og fjölskyldudeild með það að markmiði að bæta félagsþroska og liðan ungmenna.

Lýkilþættir í starfsemi Ungmennahússins eru opin aðstaða, fjölbreytt klubbstarf, viðburðir, ráðgjöf og stuðningur. Aðsókn og fjölbreytni hefur verið að aukast síðustu ár. Ef horft er á kynjahlutfall hallar heldur á kvenkynið. Aðsókn er nokkuð misjöfn eftir mánuðurm en mest er hún oftast í nóvember, janúar og febrúar.

Skapandi sumarstörf eru orðin fastur liður í starfsemi Ungmennahússins en þau eru partur af atvinnuáttak Akureyrarbæjar. Alls fengu um 200 ungmenni vinnu í sumarátakinu í aldurshópnum 17–25 ára en Ungmennahúsið heldur einnig utan um ráðningar fyrir atvinnuáttakið. Markmið skapandi sumarstarfa er að lífga upp á bæinn með fjölbreyttum verkefnum. Síðasta sumar skiptist Skapandi sumarstörf fyrir 17–25 ára niður í þrjá hóp: Leikhóp með 9 einstaklingum þar sem búin var til barnasýningin „Leitin að hamingjunni“, gjörningahóp með 6 einstaklingum sem var með marga fjölbreytta gjörninga og sjálfstæður listhópur með 3 einstaklingum sem tók fyrir verkalyðsbaráttu og öryggi ungra kvenna í þjónustustörfum.

Samvinna er við Vinnumálastofnun vegna ungra atvinnuleitenda um aðstoð við gerð ferilskráa, ráðgjöf og stuðning við atvinnuleit. Samstarf er við fjölskyldudeild vegna ungmenna sem hvorki eru í skóla né á vinnumarkaði. Samstarfið felst í því að bjóða upp á námskeið og tímabundinn stuðning inn á vinnustaði. Ungmennahúsið er einnig þátttakandi í Evrópuverkefni um atvinnumál ungmenna. Þá fara einnig tveir starfsmenn í Fjölsmiðjuna í hverri viku til að veita ráðgjöf þar.

Ungmennahúsið er formlega viðurkennt sem sendisamtök innan Evrópsku sjálfbodaliðarþjónustunnar (EVS). Með því hefur Ungmennahúsið leyfi til að sækja um styrki til Evrópu unga fólksins til að senda ungmenni á aldrinum 17–30 ára í tveggja vikna til tólf mánaða sjálfbodaliðaverkefni um alla Evrópu. Ungmennahúsið býr til samstarf við önnur samtök í Evrópu sem hafa fengið formlega viðurkenningu sem móttökusamtök EVS og aðstoðar verðandi sjálfbodaliða við að senda inn umsókn í verkefni. Einnig er Ungmennahúsið tengiliður við sjálfbodaliðann á meðan á dvöl hans erlendis stendur.

Aðstoð við ungt listafólk er eitt af markmiðum Ungmennahússins. Aðstaða er í boði fyrir hljómsveitir sem vilja æfa tónlist sína sem og ágætlega vel útbúin tölva til að vinna tónlist.

Punkturinn starfaði með hefðbundnu sniði. Boðið var upp á opna aðstöðu til handverks, auk styttri námskeiða fyrir börn, unglinga og fullorðna. Í boði voru ýmis námskeið, t.d. glerbræðsla, leirmótun, húsgagnaviðgerðir, tálgun, mósaik, fatasamur, konur og kollar, töff tréskilti, tauprykk og brjóstsykurgerð svo eitthvað sé nefnt en einnig er hægt að skoða heimasíðu Punksins sem er www.punkturinn.akureyri.is.

Fjöldi þeirra sem sækir félags- og tómstundastarf á Punktinum ásamt opnu starfi og námskeiðshaldi var rúmlega 19.000. Kynning á starfsemi fyrir börn- og unglinga fer fram í grunnskólunum en opið hús er á haustin þar sem starfsemi Punksins er kynnt fyrir bæjarbúum.

Félagsmiðstöðvar eldri borgara eru tvær, í Víðilundi 22 og Bugðusiðu 1. Starfsemi er mjög fjölbreytt og í stöðugri mótun í samvinnu við notendaráð eldri borgara. Gott samstarf er við félag eldri borgara. Félag eldri borgara hefur skrifstofuáðstöðu og fundarherbergi í Bugðusiðu 1. Aðsókn er góð en þó sækja fleiri starfsemi á vegum miðstöðvanna í Víðilundi en í Bugðusiðu. Fólk les blöðin, fær sér kaffisopa eða sækir annað félags- og tómstundastarf. Ýmis námskeið eru í boði.

Þorablót eru haldin í Víðilundi og Bugðusiðu sem eru mjög vel sótt. Handverkssýning er á hverju vori sem er vel sótt af íbúum bæjarins. Handverkssýningin er haldin í Íþróttahöllinni og er stór viðburður. Kór eldri borgara tók nokkur lög við opnun sýningarinnar og selt var kaffi og meðlæti.

Í lok síðasta árs varð ljóst að samfélags- og mannréttindadeild fengi afnot af húsnæðinu í Víðilundi sem áður hýsti dagþjónustu á vegum Öldrunarheimila Akureyrar. Þetta mun auka möguleika í félags- og tómstundastarfinu þar.

Málþing um félags- og tómstundastarf fullorðinna var haldið í sal Víðilundar í nóvember. Þátttaka var langt yfir væntingum en um hundrað og tuttugu manns sóttu málþingið. Jafnframt ríkti mikil jákvæðni og ljóst var að þátttakendur væntu þess að mark yrði tekið á tillögum þeirra til úrlausna í félags- og tómstundamálum.

Heimsóknir í félagsmiðstöðvar

	2012	2013	2014	2015	2015 kk	2015 kvk
Félagsmiðstöðvar	19.500	20.000	21.800	19.300		
Ungmennahúsið	15.000	15.000	16.000	15.508	9.427	6.081
Punkturinn, fullorðnir	14.000	20.000	19.000	19.000		
Punkturinn, börn	1.200	2.800	3.000	3.000		
Víðilundur, eldri borg.				4.032	930	3.102
Bugðusiða, eldri borg.				4.742	1.796	2.946*

Félagsstarf fyrir eldri borgara færðist til samfélags- og mannréttindadeildar haustið 2015 - tölur eru því fyrir sept - des.

*Inni í tölunni í Bugðusiðu eru nokkrir viðburðir á vegum Félags eldri borgara.

Íþróttamál

Ákveðið var í upphafi árs að hækka aldur þeirra barna og unglinga sem geta notað frístundastyrk Akureyrarbæjar. Gildir styrkurinn nú fyrir börn á aldrinum sex til og með sautján ára. Nýting frístundastyrksins var rúm 67% árið 2015. Dreifing á nýtingu styrkja eftir kyni er misjöfn milli félaga/fyrirtækja en í heildina er nýting milli kynja jöfn.

Í tengslum við unglingalandsmót UMFÍ á Akureyri var körfuknattleiksaðstaðan í Íþróttahöllinni endurbætt með 4 nýjum körfum, tímatökubúnaður sundlaugarinnar var endurnýjaður, hlaupabrautir á Þórsvelli endurmerktar, tjaldsvæði útbúið við Rangárvelli og á félagssvæði BA. Á árinu voru framkvæmdir á félagssvæði Nökkva samkvæmt uppbyggingarsamningi þess efnis. Íþróttamannvirki bæjarins eru sex íþróttahús, fjórar sundlaugar, skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, knattspyrnuhöll, reiðhöll, skautahöll og tvær stúkubyggingar. Að auki tekur bærinn þátt í rekstri knattspyrnugrasvalla, golfvallar, aksturssvæðis, sparkvalla og hjólabrettasvæða.

Heimsóknir í íþróttamannvirki

	2015	2014	2013	2012	2011
Hlíðarfjall	48.624	65.034	75.714	60.435	64.457
Íþr.miðst. Giljaskóla	114.000	114.000	112.000	100.000	80.000
Íþróttahús Glerárskóla	114.000	114.000	114.000	102.000	112.000
Íþróttahús Laugagötu	5.900	17.126	19.272	21.200	19.500
Íþróttahöllin	320.000	320.000	320.000	320.000	320.000
Íþr.miðst. í Hrísey	9.865	12.423	13.198	10.500	12.500
Íþróttahús Síðuskóla	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000
Sundlaug Akureyrar	349.614	362.536	352.401	323.292	330.000
Sundlaug Glerárskóla	74.000	62.000	60.000	58.000	58.000
Sundlaugin í Grímsey	1.231	1.960	1.466	2.200	2.000

Stærstu kostnaðarliðir íþróttamála eru húsaleiga til Fasteigna Akureyrarbæjar sem var 724 milljónir á árinu og styrkir í formi húsaleigu til aðildarféлага ÍBA sem námu 281 milljón. Lausafjárleiga og leiga til eignasjóðs var 70 milljónir á árinu.

Aðildarfélag ÍBA standa fyrir og koma að mörgum og fjölbreyttum íþróttaviðburðum á hverju ári í íþróttamannvirkjum bæjarins. Til dæmis stóð sundfélagið Óðinn fyrir aldursflokkamóti Sundsambands Íslands í Sundlaug Akureyrar og Íþróttabandalag Akureyrar hélt upp á 70 ára afmælið með viðburði í Íþróttahöllinni. Að auki fara margvíslegir viðburðir ótengdir íþróttastarfsemi fram í íþróttamannvirkjunum, s.s. tónleikar, listsýningar, veislur, ráðstefnur og fundir.

Á árinu varð Íþróttafélagið þór 100 ára, Golfklúbbur Akureyrar 80 ára, KKA 20 ára og Hamrar 10 ára.

Í maí stóð íþróttaráð, í samstarfi við aðila og félög sem vinna að heilsuefingu og íþróttum, fyrir átakinu „Akureyri á ið“ þar sem íbúum Akureyrar stóð til boða fjölbreytt hreyfing og heilsuefing öllum að kostnaðarlausu. Allur maímánaður var lagður undir verkefnið sem tókst vel.

Um verslunarmannahelgina fór fram fyrsta Unglingalandsmót UMFÍ á Akureyri. Mótið var fjölmennt og aldrei fyrr hefur verið eins mikið framboð af íþróttageininum sem voru samtals 27. Keppendur voru tæplega 2.000. Mótið tókst vel til í alla staði.

Aldursskipting keppenda

Aldur	Strákar %	Stelpur %	Samtals
11	109 (53 %)	97 (47 %)	206
12	169 (51 %)	165 (49 %)	334
13	120 (47 %)	133 (53 %)	253
14	150 (55 %)	124 (45 %)	274
15	205 (59 %)	144 (41 %)	349
16	186 (58 %)	134 (42 %)	320
17	111 (67 %)	54 (33 %)	165
18	48 (67 %)	24 (33 %)	72
	Strákar 56 %	Stelpur 44 %	1973

Vetursins 2015 verður e.t.v. minnst sem rokvetursins mikla. Hver lægðin á eftir annarri gekk yfir landið og gerði útivistarfólki lífið leitt þrátt fyrir ágæt snjóalög. Aðsókn að Hlíðarfjalli varð af þessum sökum í sögulegu lágmarki. Fjölmargir viðburðir voru þó í Hlíðarfjalli á árinu. Þar ber helst að nefna World Snow day, Iceland Winter Games, Íslandsgönguna og Andrésar Andar leikana. Krakkar úr grunnskólum bæjarins komu í sína árlegu útivistardaga upp í Hlíðarfjall.

Hlíðarfjall

Gestir	48.624
Skíðaleigudagar	2.357
Skíðaskóli	1.239
Seld vetrarkort	1.712



Nú aðildarfélag ÍBA voru með virkan samning við Akureyrarbæ á árinu auk Íþróttabandalags Akureyrar. Íþróttaráð veitti rekstrarstyrki í formi eingreiðslu til ellefu aðildarféлага ÍBA árið 2015 og einnig hlutu þrjár kvennadeildir aðildarféлага ÍBA rekstrarstyrki. Alls veitti íþróttaráð styrki og framlög fyrir um 274 milljónir á árinu.

Íslandsmeistarar

	Fjöldi	Kvk	Kk
2015	270	33.70 %	66.30 %
2014	154	33.70 %	62.30 %
2013	162	33.30 %	66.60 %
2012	224	53.10 %	46.90 %
2011	162	32.10 %	67.90 %

Alþjóðastofa

Starf Alþjóðastofu byggist á upplýsingaþjónustu við fólk sem er af erlendu bergi brotið og ráðgjöf um ýmis málefni, s.s. skólamál, félagsþjónustu, skattamál, tryggingar, heilbrigðisþjónustu, íslenskunámskeið og dvalar- og atvinnuleyfi.

Að meðaltali leita tveir á dag til Alþjóðastofu eftir ýmiss konar liðsinni, auk erinda sem berast með símtölum, tölvupósti og netsamskiptum. Stofan sér um miðlun tülka, tekur þátt í rannsóknnum og veitir fræðslu. Auk þess hvetur hún til, styður og tekur þátt í margvíslegri starfsemi. Af fjölmörgu er að taka en nefna má starf fjölmenningarráðs, alþjóðlegt konukaffi, pólskan

og kínverskan helgarskóla fyrir börn, bóka-þrjóna-tala-saman-á-íslensku-klúbb, fjölmenningarfræðslu í grunnskólum á Akureyri og VMA, Erasmus+ verkefni fyrir fullorðna innflytjendur, vinnustofu í millmenningarfærni, þátttöku í Akureyrarvöku með danssýningu, „Konur tala“ og „Uppáhalds ljóðið mitt“ á móðurmáli viðkomandi og samstarf með Borgarsviði (verkefni Leikfélags Akureyrar).

Skrifstofa og þjónustumiðstöð Alþjóðastofu er í Rósenborg, 2. hæð. Heimasiðan er www.astofan.akureyri.is og Alþjóðastofa heldur úti Facebook-síðunni „Multicultural Council of Akureyri“.

Jafnréttismál

Unnið var að nýrri jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar á árinu. Samfélags- og mannréttindaráð afgreiddi stefnuna frá sér á vordögum og fór hún til umsagnar hjá öllum ráðum og deildum bæjarins. Farið var vel yfir allar umsagnir og stefnan síðan afgreidd til bæjarstjórnar í desember. Stefnan byggist á jafnréttislögum, fyrri stefnum og starfi, og einnig nokkrum nýjungum, til dæmis er þar ákvæði um þróunarleiðtoga sem verða málsvavar kynjasambættingar í deildum og ráðum. Í stefnunni eru fjölmörg verkefni með skilgreindri ábyrgð og tímamörkum. Bæjarstjórn samþykkti á árinu að vinna samkvæmt verkfærum kynjadar fjárhagsáætlunar og voru haldnir fræðslu- og umræðufundir til að undirbúa þau vinnubrögð.

Skipulagsdeild

Meginverkefni skipulagsnefndar og skipulagsdeildar Akureyrarbæjar eru skipulags- og byggingarmál, umhverfisskipulag, lóðaúthlutunir, umferðarmál og landupplýsingakerfi Akureyrar (LUKA).

Sýn skipulagsnefndar og meginmarkmið á kjörtímabilinu byggir á leiðarljósi gildandi aðalskipulags Akureyrar 2005-2018 en áhersla er lögð á sátt um útfærslu samþykktara skipulagshugmynda, skilvirka afgreiðslu erinda og opna stjórnsýslu. Skipulagsnefnd vinnur að þéttingu byggðar með áherslu á grænar lausnir, margs konar atvinnustarfsemi og fjölbreyttan samgöngumáta. Skipulagsnefnd hefur frumkvæði að skipulagstillögum og breytingum á þeim en bæjarstjórn samþykkir þær eða hafnar.

Skipulagsnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í skipulags- og byggingarmálum og tekur ákvarðanir á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010 og mannvirkjalaga nr. 160/2010. Hún hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir hana heyra, hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim.

Skipulagsstjóri er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar og sér einnig um daglegan rekstur skipulagsdeildar en þar starfa 8 manns. Framkvæmd byggingarmála og byggingareftirlits heyrir einnig undir skipulagsdeild.

Skipulagsnefnd hélt 25 fundi á árinu 2015 og tók til umfjöllunar 206 mál (456 umfjallanir). Skipulagsstjóri (skipulags- og byggingarfulltrúi) hélt 46 afgreiðslufundi vegna byggingarmála og tók til umfjöllunar 257 mál (410 umfjallanir).

Helstu skipulagsverkefni lokið 2015:

- Norður-Brekka, neðri hluti
- Breyting á staðarmörkum milli Akureyrarkaupstaðar og Hörgársveitar
- Staekun á svæði frístundabyggðar við Búðargil
- Aðalskipulagsbreyting í Lögmanshlíð

Skipulagsverkefni í vinnslu 2015:

- Rammahluti aðalskipulags Oddeyrar.
- Deiliskipulag Hvannavallarreits
- Deiliskipulag Lögmanshlíðarkirkjugarðs
- Deiliskipulag Menntaskólans á Akureyri og aðliggjandi íbúðarsvæði
- Deiliskipulag Melgerðisáss

Samkvæmt stefnu skipulagsnefndar er lögð áhersla á neðangreind verkefni á kjörtímabilinu:

- Gerð nýs aðalskipulags Akureyrar
- Áhersla á uppbyggingu miðbæjarins
- Heildarskipulag Oddeyrar og áframhaldandi deiliskipulagning hverfa bæjarins



- Frágangur útivistarsvæðis við ósa Glerár
- Tenging göngustígakerfis við þéttbýliskjarna í nágrennasveitarfélögum og við fólkvanginn á Glerárdal
- Umhverfis- og samgöngustefna Akureyrarkaupstaðar
- Skilgreina framtíðarsvæði fyrir kirkjugarða Akureyrar
- Endurskoðun á reglum um lóðaveitingar
- Akureyrarvöllur, breytt landnotkun
- Endurskoðun á gjaldskrá gatnagerðargjalda
- Verklagsreglur um lokun gatna í miðbænum
- Leiða vinnu við gerð samgöngustefnu Akureyrarþéttbýlis
- Raforkuflutningur þvert yfir Eyjafjörð taki tillit til flugöryggis, íbúabygðar og fólkvangs á Glerárdal

Svæði skilgreind í aðalskipulagi sem verkefni vegna þéttingar byggðar:

- Deiliskipulag við Vestursíðu, að hluta lokið
- Svæði 1 við Krossanesbraut
- Svæði 2 við Krossanesbraut
- Deiliskipulag við Melgerðisás
- Svæði við Hlíðarbraut
- Nemenndagarðar við Norðurlóð
- Deiliskipulag við Viðjúlund
- Oddeyrin endurskoðuð
- Akureyrarvöllur, breytt landnotkun

Nauðsynlegt er að vanda mjög til verka við verkefnið „þétting byggðar“ sem oft og tíðum eru viðkvæm mál og kalla á nána samvinnu og samráð við íbúa.

Tryggja skal nægilegt framboð lóða á hverjum tíma og er staðan þannig í dag að til eru lóðir í öllum flokkum innan byggingargeirans.

Viðræður eru hafnar milli Landsnets hf. og Akureyrarkaupstaðar um strengjaleið gegnum land Akureyrar til uppbyggingar á raforkuflutningskerfi landsins. Gerð hefur verið aðalskipulagsbreyting á hluta línuleiðarinnar frá sveitarfélagsmörkum að Kífsá en verði jarðstrengur lagður verður uppbygging spennuvirkis á Rangárvöllum.

Skipulagsnefnd hefur lagt til að áframtengingin frá Rangárvöllum að sveitarfélagsmörkum Eyjafjarðarsveitar verði lögð í jörðu.

Yfirlit yfir byggingaframkvæmdir á árinu 2015


Íbúðarhús*

Hafin var smíði 79 íbúða (46). Þar af voru einbýlishús 1 (3), 1 parhús með 3 (10) íbúðum og 10 fjölbýlishús með 75 (20) íbúðum. Skráðar voru fullgerðar 116 (38) íbúðir á árinu, þ.e. 3 (2) einbýlishús, 27 (5) íbúðir í raðhúsum og 86 (31) íbúðir í fjölbýlishúsum. Í árslok voru fokheldar og lengra komnar í byggingu 83 (82) einbýlishús, 72 (91) íbúðir í raðhúsum og 240 (304) íbúðir í fjölbýlishúsum. Skemmra á veg komnar en fokheldar voru í byggingu 10 (12) einbýlishús, 5 (10) íbúðir í raðhúsum og 236 (184) íbúðir í fjölbýlishúsum.


Hafnar framkvæmdir við íbúðabyggingar, bílgeymslur, sólskála, viðbyggingar o.fl. námu 5.896 m² (4.233) og 18.906 m³ (15.726).

*Tölur í svigum eru frá árinu á undan.

Íbúðabyggingar eftir byggingarstigi



Íbúðabyggingar, byrjanir eftir húsagerð



Annað húsnæði

Hafnar framkvæmdir á árinu:

5 frístundahús við Hrafnaland; 5 frístundahús við Götu sólarinnar; Fjölisgata 6b, viðbygging; Hvannavellir 12, viðbygging; Fiskitangi 4, viðbygging; Njarðarnes 3-7, viðbygging; Þingvallastræti 23, viðbygging; Jaðar, æfingahús. Auk þessa hafa verið hafnar framkvæmdir við ýmsar smærri viðbyggingar og aðrar minni og stærri breytingar á eldri húsum.

Tekið í notkun eða fullgert á árinu:

Sjávargata 4, viðbyggingar; Hamrar 2, þjónustuhús; Frostagata 2b, iðnaðarhús; Súluvegur 1, viðbygging MS; 6 frístundahús við Hrafnaland; 3 frístundahús við Götu sólarinnar; Þingvallastræti 23, viðbygging; Hrímland 17, spennistöð; Austurvegur 44 Hrísey, frístundahús.



Önnur hús í byggingu á árinu:

Fjölisgata 1a; Grímseyjargata 3, viðbygging; Norðurtangi 5, breyting á iðnaðarhúsi; Austurvegur 45, viðbygging frístundahús; Hólmatún 2, viðbygging skóli; Austurvegur 46, frístundahús. Auk þess hefur verið unnið við ýmsar smærri viðbyggingar, sólskála, garðhús, bílgeymslur og aðrar minni og stærri breytingar á eldri húsum.

Hafnar framkvæmdir við atvinnu- og þjónustuhúsnæði 2015

Tegund	m ²	m ³
L - Landbúnaður	0	0
FI - Fiskiðnaður	1.495	14.123
VG - Vörugæmslur/geymar	0	0
IB - Vinnsla búsafurða	0	0
I - Iðnaður	526	2.435
V - Verslun	0	0
GV - Veitinga- og gistihús	62	296
VI - Verslun/iðnaður	0	0
VS - Verslun/skrifstofur	0	0
S - Skrifstofuhúsnæði	420	1006
ORL - Frístundahús	1.451	5.435
Ö - Önnur þjónustustarfsemi	0	0
FS - Félagsleg starfsemi	741	2.649
O - Opinber starfsemi	0	0
Samtals	4.695	25.944
Tölur frá síðasta ári	(2.364)	(7.598)

Skóladeild

Einkunnarorð skóladeildar eru: „Í hverju barni býr fjársjóður.“

Skólarnir eru samfélög þar sem börn eru í fyrirrúmi og allt starf innan þeirra byggir á því að hver og einn einasti nemandi skipti máli og honum þarf að mæta á hans eigin forsendum eins og kostur er. Skóladeild er stjórnendum og skólasamfélaginu til stuðnings í hverjum þeim verkefnum sem skólarnir sinna eða taka sér fyrir hendur. Starfsfólk skóladeildar leggur metnað sinn í að vinna faglega, styðja við skólaþróun og hvetur til faglegra vinnubragða á öllum sviðum skólastarfs.

Skólahúsnæði

Skólabyggingar eiga að nýtast sem best í þágu samfélagsins og oft eru þær nýttar fyrir annað en hefðbundið skólastarf, s.s. í tengslum við íþróttamót og fleira. Leitast er við að fara vel með fjármagn og skapa sem besta aðstöðu fyrir börn og starfsfólk í skólunum. Þörf fyrir skólabyggingar fylgir þróun nemendafjölda hverju sinni. Ákveðið var á árinu 2014 að loka leikskólanum Sunnubóli um mitt ár 2016 en það húsnæði er ekki í eigu Akureyrarbæjar. Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingu leikskóla að sinni þar sem þörfin er enn ekki fyrir hendi. Skólabyggingar kalla á stöðugt viðhald og mikilvægt er, þegar viðhaldsþörf er metin, að skoða hvort nýta megi betur byggingar eða minnka þann fermetrafjölda sem í notkun er. Þetta helst m.a. í hendur við þróun nemendafjölda hverju sinni.

Kynjasambætting og kynjuð fjárhagsáætlanagerð

Akureyrarbær lagði á árinu 2015 upp í vegferð til að skoða kynjasambættingu og kynjaða fjárhagsáætlanagerð. Hverri deild var falið að skoða stöðuna. Á skóladeild var byrjað á að taka saman tölur um kynjaskiptingu innan skólakerfisins á Akureyri.



Kynjaskipting starfsmanna í skólakerfinu haustið 2015

Deildir	Fjöldi		Hlutfall í %	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Skrifstofa skóladeilda	2	8	20.0	80.0
Leikskólar	12	269	4.3	95.7
Grunnskólar	85	380	18.0	81.7
Tónlistarskólinn	19	19	50.0	50.0
Samtals fræðslumál	118	676	14.9	85.1

Kynjaskipting grunnskólanemenda í hverjum skóla haustið 2015

Grunnskóli	Fjöldi nemenda			Hlutfall í %	
	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	
Brekuskóli	485	244	240	50.3	49.5
Giljaskóli	383	193	190	50.4	49.6
Glerárskóli	311	149	162	47.9	52.1
Grimseyjarskóli	8	4	4	50.0	50.0
Hlíðarskóli	16	13	3	81.3	18.8
Hríseyjarskóli	16	9	7	56.3	43.8
Lundarskóli	423	215	208	50.8	49.2
Naustaskóli	371	200	171	53.9	46.1
Oddeyrarskóli	188	96	92	51.1	48.9
Síðuskóli	401	211	190	52.6	47.4
Samtals	2.602	1.334	1.267	51.3	48.7

Kynjaskipting barna á leikskólaaldri haustið 2015

Árg.	Fjöldi barna		Hlutfall í %	
	Drengir	Stúlur	Drengir	Stúlur
2010	157	145	52.0	48.0
2011	128	118	52.0	48.0
2012	132	149	47.0	53.0
2013	127	117	52.0	48.0
2014	120	107	52.9	47.1
Samtals	664	636	51.1	48.9

Þá voru valgreinar sérstaklega skoðaðar með tilliti til þarfa bæði stúlkna og drengja.

Engum dylst að mikill skortur er á karlennurum í leik- og grunnskólum. Vegna kynjahalla var tekin ákvörðun um að þegar auglýst er eftir starfsfólki í leik- og grunnskólum eru karlmenn sérstaklega hvattir til að sækja um.

Lærdómssamfélagið

Lærdómssamfélagið er samstarfsvettvangur skólastjórnaenda við Eyjafjörð og Háskólans á Akureyri og hefur það starf varað síðustu misseri. Vinna innan lærdómssamfélagsins árið 2015 byggðist að verulegu leyti á áherslum í læsiskennslu. Ákall menntamálaráðherra um stórukna hæfni nemenda í læsi hefur skapað öflugan samvinnu innan skólanna og mörg skemmtileg og spennandi verkefni hafa orðið til. Gert er ráð fyrir að ný læsisstefna liti dagsins ljós á árinu 2016.

Skólamötuneytin

Um 86 % nemenda að meðaltali borða í skólamötuneytum grunnskólanna á Akureyri. Allir matseðlar voru endurskoðaðir haustið 2015. Þær uppskriftir sem bættust við í uppskriftabankann voru allar teknar út af Rannsóknarþjónustunni Sýni ehf. með tilliti til heilsuviðmiða Landlæknisembættisins.

Leikskólastarfið

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Hver leikskóli er með eigin skólanámskrá og setur sér stefnu, áherslur og markmið með leikskólastarfinu. Einnig leggur hver skóli fram starfsáætlun og metur innra starfið.

Akureyrarbær rekur nú níu leikskóla á Akureyri og eina leikskóladeild í Hrísey og aðra í Grímsey. Auk þess styrkir bærin tveir einkarekna leikskóla, Hólmasól sem er rekinn af Hjallastefnunni ehf. og Hlíðaból sem rekinn er af Hvítasunnukirkjunni á Akureyri. Leikskólarnir eru opnir frá kl. 7.45–16.15. Leikskólarnir voru lokaðir í fjórar vikur sumarið 2015 en lokunartímabilin voru ákveðin í samráði við foreldraráð hvers skóla fyrir sig. Leikskóladeildin í Hrísey er opin virka daga frá kl. 7.45–15.00 en leikskóladeildin í Grímsey var einvörðungu opin frá janúarbyrjun og út maí frá kl. 8.00–14.00 virka daga.

Í október 2015 voru um 96,88 % barna á Akureyri á aldrinum 2-5 ára, fædd 2010-2013, í leikskóla. Þá voru einnig um 28,20 % barna fædd 2014 í leikskóla (það eru börn sem fædd voru í janúar til apríl 2014). Í október voru alls 1.106 börn í leikskólunum og 987 börn voru í 7-8,5 tíma vistun og 119 börn í 4-6,5 tíma vistun. Tvítýngd börn í leikskólunum voru alls 87 í október og eru þau frá 34 þjóðlöndum.

Heildarstöðugildin í leikskólunum í október voru 264,40 og alls störfuðu þá 297 starfsmenn í leikskólunum. Hlutfall fagmenntunar af heildarstöðugildum var 68,87 % og hlutfall fagmenntunar í deildarstarfi var 84,30 %.

Dagforeldrar

Dagforeldrar á Akureyri í lok desember 2015 voru 29, þar af 27 konur og tveir karlar. Alls dvöldu 124 börn hjá dagforeldrum við lok árs 2015. Akureyrarbær greiddi niður daggæslu fyrir 119 börn og þar af voru 104 börn giftra foreldra og foreldra í sambúð og 15 börn einstæðra foreldra. Niðurgreitt var fyrir fimm börn þar sem báðir foreldrar voru í námi og fimm börn voru ekki skráð með lögheimili í bæjarfélaginu og fengu því ekki niðurgreiðslu frá Akureyrarbæ.

Á árinu 2015 var eitt nýtt leyfi veitt til daggæslu barna í heima- húsi. Þá létu átta dagforeldrar alveg af störfum og eitt dagforeldri fór í leyfi. Fæðingum hefur heldur fækkað í sveitarfélaginu síðustu misseri og var nokkuð um að starfandi dagforeldrar fylltu ekki í öll laus pláss að hausti en um áramót varð staðan vænlegri og nánast fullskipað í öll pláss hjá starfandi dagforeldrum.

Námskeiðsdagur dagforeldra var haldinn 30. október og nýttu 25 dagforeldrar sér fræðsluna sem í boði var en meðal annars var boðið upp á námskeið í aga og uppeldi ungra barna, fræðslu um tónlist í uppeldi ungra barna og þá var farið yfir tilkynningarskyldu vegna vanrækslu gegn ungum börnum. Námskeiðsdagur er haldinn árlega og er skipulagður af fulltrúa skóladeildar og fulltrúum dagforeldra.

Grunnskólastarfið

Akureyrarbær statar af níu almennum grunnskólum, sjö á Akureyri, einum í Hrísey og öðrum í Grímsey. Auk þess er rekin einn sérskóli.

Skólarnir sinna metnaðarfullu og fjölbreyttu starfi og leggja sig fram um að sinna öflugri skólaþróun. Mikið samstarf er á milli skólanna og hittast stjórnendur þeirra reglulega og miðla hverjir til annarra. Hver skóli hefur skapað sér sína sérstöðu með stefnu og áherslum í skólastarfinu.

Á Akureyri er skólaval svo framarlega að því sé við komið. Þróun nemendafjölda í hverfum er mismunandi og til þess þurfa skólarnir að taka tillit.

Styrkir

Skólaþróun er mikilvægur þáttur í öllu skólastarfi. Skólarnir eru duglegir við að sækja um þá styrki sem í boði eru til þróunar á fjölbreyttum sviðum skólastarfsins. Á árinu 2015 fengu flestir skólar Akureyrarbæjar styrki fyrir fjölbreytt þróunarverkefni í gegnum Sprotasjóð, Skema, Nordplus og Erasmus+. Mikil vinna felst í að gera umsóknir um styrki. Dæmi um verkefni sem styrkt voru eru „Fjölbreytt kennsla á opnum námssvæðum“, „Jákvæður agi“, „Lærdómssamfélag UST í Eyjafirði og nágrenni“, „Rafrænt nám“, „Art meðferðarfræðin“ og „Núvitund“.

Erlendir nemendur í leik- og grunnskólum

Kennsluráðgjafi nemenda sem hafa íslensku sem annað mál sér um aðstoð við kennara, nemendur og foreldra barna sem hafa íslensku sem sitt annað mál. Kennsluráðgjafi kemur fyrst og fremst að grunnskólabörnum en sinnir ráðgjöf til leikskólakennara eftir óskum þeirra og aðstæðum hverju sinni.

Eins og síðustu ár eru pólsk börn flest erlendra barna á Akureyri. Tekið er á móti börnum samkvæmt móttökuáætlun og þau fá sérstaka aðstoð við íslenskunám. Kennsluráðgjafi kemur beint að íslenskukennslu eldri nemenda og sinnir ráðgjöf vegna yngri nemenda. Önnur verkefni kennsluráðgjafa eru t.d. verkefnagerð og aðlögun námsefnis og umsjón með heimasíðu og fréttabréfum til starfsfólks leik- og grunnskóla. Kennsluráðgjafi er einnig í samvinnu við bókasöfn og reynir að útvega nemendum námsbækur á móðurmáli sínu ef unnt er. Það styrkir færni í móðurmáli og eykur hugtakaskilning nemenda samtímis í móðurmálinu og íslensku sem lesin er samhliða.

Einnig er samstarf við ýmsa aðila sem koma að skólagöngu erlendra nemenda, s.s. tülka, íþróttabjálfa o.fl.

Nemendur sem hafa íslensku sem sitt annað mál eru í öllum leik- og grunnskólum bæjarins. Ánægjulegt er að sjá vel tekið á móti þeim í fjölbreyttum nemendahópi skólanna, bæði af starfsfólki og nemendum sjálfum.

PMTO—stuðningur við foreldra

Akureyrarbær býður foreldrum barna með hegðunarfrávík upp á PMTO-foreldrameðferð (Parent Management Training - Öregon aðferðin) sem byggir á raunprófuðum aðferðum þar sem foreldrum eru kenndar leiðir og aðferðir styðjandi foreldrafærni. Á árinu voru samtals 35 fjölskyldur í PMTO-meðferðinni.

Haldin voru þrjú foreldranámskeið á árinu og voru samtals 45 foreldrar á þessum þremur námskeiðum. Annars vegar var um

að ræða tvö PMTO-foreldranámskeið sem ætlað er að fyrirbyggja alvarlega hegðunarerfiðleika og taka á vægari hegðunarvanda og luku því námskeiði 41 foreldri. Hins vegar var boðið upp á PTC-foreldranámskeið sem er meðferðarnámskeið fyrir hópa og nær yfir lengri tíma eða 14 vikur og sátu það námskeið fimm foreldrar 11 barna.

Sex leikskólar og þrír grunnskólar vinna eftir leiðum SMT-styðjandi skólafærni sem byggir á hliðstæðri hugmyndafræði og PMTO. Þar er lögð áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því m.a. að kenna og þjálfá félagsfærni, hvetja til æskilegrar hegðunar og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Einn leikskóli, Hlíðarþorb, hlaut SMT-sjálfstæðisviðurkenningu á árinu og lauk þar með formlegri innleiðslu á SMT.

Á árinu luku sex grunnskólakennarar, 13 leikskólakennarar og einn starfsmaður með BA-próf í sálfræði sex daga grunnmenntun í PMTO, samtals 20 starfsmenn.



Tónlistarskólinn

Skólastarf ársins 2015 mótaðist af nokkrum stórum verkefnum sem ráðist var í. Þrátt fyrir verkfall tónlistarskólakennara sem hafði veruleg áhrif á skólastarfið voru áfangapróf 59 á árinu og útskriftarnemar þrír á fíðlu, flautu og gítar.

Í upphafi árs 2015 hófst undirbúningur fyrir Dag tónlistarskólanna en ákveðið var að auk hefðbundinna tónleika, hljóðfærasmíðja og kynninga, yrði sett upp óperan Mærpöll eftir Þórunni Guðmundsdóttur. Hljómsveit skipuð nemendum lék í hljómsveitargryfunni og hátt í 80 nemendur tóku þátt í sýningunni sem var glæsileg í alla staði og flutt fyrir fullri Hamraborg. Gestir á Degi tónlistarskólans voru um 1.200.

Þar fyrir utan sóttu um 5-6.000 manns aðra nemendatónleika á árinu en meðal annarra stórra verkefna má nefna árlega Þorgerðartónleika, tónleika með Elikuren frá Þýskalandi, söngtónleika og námskeið með Sigurði Flosasyni og Kristjónu Stefánsdóttur þar sem nemendur ritmísku söngdeildarinnar komu fram og masterclass með hljómsveitinni Swing Je t'aime frá Denver. Söngleikurinn Across the Universe var svo settur upp fyrir fullri Hamraborg í desember en þar leikstýrði Ívar Helgason nemendum ritmísku deildarinnar í leikverki sem smíðað var utan um frægustu lög Bítlananna. Nemendur léku einnig með í övenju kraftmiklu starfsári Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og konsertmeistarar sveitarinnar, Gréta Salomé, hélt masterclass og námskeið með strengjanemendum skólans í desember. Trommuleikararnir Sören Frost og Jóhann Hjörleifsson héldu svo námskeið fyrir trommunemendur í samvinnu við Tónabúðina og söngkonan Sólrún Bragadóttir heimsótti klassíska söngdeild skólans.

Nótan, uppskeruhátíð tónlistarskólanna, féll niður í hefðbundinni mynd á árinu 2015 vegna verkfalls tónlistarskólakennara. Töluvert var þó um ferðalög nemenda á árinu og tóku nemendur t.a.m. þátt í VI. Píanokeppni EPTA í Salnum í Kópavogi. Hlaut Alexander Smári Kristjánsson Edelstein verðlaun. Auk þess lagði blásarasveit

tónlistarskólans land undir fót og tók þátt í Óskalögum þjóðarinnar í Norðurljóssal Hörpu og var framkoma þeirra til mikils sóma fyrir skólann.

Deildirnar héldu svo að sjálfsgöðu sína hefðbundnu vortónleika ásamt tónleikum útskriftarnema sem léku að venju fyrir fulla Hamraborg á skólaslitum þann 4. júní.

Nemendur voru 420 í skólabyrjun 2015, 391 á áfangabraut og 29 í forskóla. Alls bárust um 520 umsóknir og lentu um eitt hundrað nemendur á biðlista.

Hefðbundið skólastarf sjötugasta starfsárs Tónlistarskólans á Akureyri fór af stað með miklum krafti með tónleikum og skólasetningu í þéttsetinni Hamraborg þann 26. ágúst. Haustönnin fór að miklu leyti í undirbúning og umræður um hátíðarhöld í tilefni af 70 ára afmælis skólans sem haldið var eftir áramót. Tónleikagestir á árinu hlupu sem fyrr segir á sex til sjö þúsundum en voru tónleikar og áfangapróf þó töluvert færri en áætlað var sökum verkfalls kennara árið á undan. Nemendur léku og sungu síðan á fjóldamörgum tónleikum innan og utan skólans, á Ráðhústorgi, Glerártorgi, öldrunarheimilinu Hlíð, Akureyrarkirkju, Glerárkirkju, grunnskólum bæjarins og í Hofi og voru nemendatónleikar og framkomur víðsvegar um bæinn um 80 talsins á árinu.

Rekstur

Rekstur fræðslu- og uppeðismála var 0,5 % innan endurskoðaðrar áætlunar ársins 2015 eða um 30 m.kr. Sameiginlegur kostnaður var um 6 % umfram áætlun eða um 6,2 m.kr. og rekstur leikskóla og dagvistunar var skv. áætlun eða um 0,8 m.kr. umfram áætlun. Þá var rekstur grunnskóla 1 % innan áætlunar eða um 36 m.kr. og rekstur Tónlistarskólans var um 2,7 % innan áætlunar eða um 6,4 m.kr. Stykir o.fl. fóru um 6,2 m.kr. fram úr áætlun sem skýrist af greiðslum vegna námsgagnasjóðs, endurmenntunarsjóðs grunnskóla og vegna bráðavanda tónlistarskóla sem dregnar eru frá framlögum bæjarins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Helstu skýringar á neikvæðri stöðu sameiginlegs kostnaðar liggja í því að ekki var gerður viðauki vegna starfsfólks skrifstofu skóladeildar, þá var villa í launaáætlun fræðslustjóra (stjórnendaálag skilaði sér ekki) og vegna starfslokasamnings.


Nemendafjöldi í leik- og grunnskólum 1. október ár hvert

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Leikskólar	1.061	1.046	1.084	1.096	1.105	1.091	1.106	1.106
Grunnskólar	2.620	2.593	2.599	2.610	2.624	2.635	2.583	2.602
Heildarfjöldi	3.681	3.639	3.683	3.706	3.729	3.726	3.689	3.708

Veikindi og álag í skólum


Veikindadagar í leikskólunum voru 8.244 á árinu 2015 en voru 8.677 árið 2014 og fækkaði því lítillega milli ára. Veikindadögum hefur fjölgað um 54 % frá árinu 2010 (5.347). Aukningin er þó minni sé miðað við stöðugildi eða 35 %.

Veikindadagar í mánuði á stöðugildi í leikskólum 2010-2015



Veikindadagar í grunnskólunum voru 7.446 á árinu 2015 en voru 7.216 árið 2014. Veikindadögum hefur fjölgað um 37 % frá árinu 2010 (5.439). Aukningin á stöðugildi er þó minni eða um 26 %.

Veikindadagar í mánuði á stöðugildi í grunnskólum 2010-2015



Áfram var haldið að reyna að greina ástæður veikinda og álags í leik- og grunnskólum. Helst var sjónum beint að hávaða og hávaðamengun að þessu sinni. Akureyrarbær tók þátt í tilraunaverkefni í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands á sviði hávaðagreiningar í leikskólum. Meðal viðbragða við niðurstöðum þeirrar greiningar var að auka vitund kennara og starfsfólks um raddbeitingu á vinnustað og mikilvægi þess að draga úr almennum hávaða. Þá voru íþróttamannvirki einnig hljóðmæld og viðbragðsáætlun sett fram til að bregðast við.

Ytra mat skóla

Ytra mat á skólastarfi er skólunum mikilvægt tæki til almennra umbóta í skólastarfinu. Akureyrarbær er aðili að Skólavoginni eins og flest sveitarfélög í landinu og flestir skólar. Í úrvinnslu Skólavogarinna fást m.a. upplýsingar um líðan og viðhorf nemenda, árangur á samræmdum prófum, lykiltölur í rekstri skólanna og viðhorf foreldra og starfsmanna gagnvart skólastarfinu. Allir leik- og grunnskólar Akureyrarbæjar taka nú þátt í Skólavoginni.

Úr Skólavoginni fyrir grunnskóla Akureyrarbæjar 2014

Rekstrarupplýsingar (allar kostnaðartölur í þús. kr.)

	Landið	Akureyri
Fjöldi nem. á hvern starfsm. við kennslu	10,0	10,6
Fjöldi nem. á hvern kennara	12,6	13,5
Fjöldi nem. á hverja stjórnunarstöðu	110,2	115,4
Fjöldi nem. á hvern almennan starfsm.	22,3	19,2
Árlegur launakostnaður á hvern nem.	949	888
Annar árlegur kostnaður á hvern nem.	545	459
Árlegur sértekjur skólans á hvern nem.	76	102
Árlegur kostnaður (nettó) á hvern nem.	1.060	914
Árlegur heildarkostnaður (brúttó) á hvern nem.	1.136	1.024
Meðalárslaun starfsm.	6.175	5.946
Hlutfall starfsm. við kennslu með réttindi	97,0	99,8
Kostn.hlutfall grunnskóla af heildarútgj. sveitarfélags*	18,1	15,5
Kostn.hlutfall grunnskóla m.v. skatttekjur sveitarfélags*	20,7	19,1
Hlutfall nemenda m.v. íbúafjölda	13,2	14,4
Innri húsaleiga á hvern nemanda	312	303

Starfsmannþjónusta

Hlutverk starfsmannþjónustu er m.a. að sjá um launavinnslu hjá Akureyrarbæ, hafa umsjón með mannauðsstefnu Akureyrarbæjar, miðlægri fræðslu, stjórnendafræðslu, túlkun kjarasamninga og kjarapróun. Deildin sinnir upplýsingagjöf og veitir starfsmönnum og stjórnendum leiðsögn í samræmi við gildandi kjarasamninga, lög, samþykktir, reglur og stefnur sveitarfélagsins. Þá hefur deildin umsjón með starfsmannahandbók og stjórnendahandbók Akureyrarbæjar auk starfsmannavefsins, sér um rekstur og stýrir notkun SAP launa- og mannauðskerfis, umsóknarvef bæjarins ásamt þeim viðverkerfum sem eru í notkun hjá Akureyrarbæ.


Launavinnsla

Fjöldi launþega hjá Akureyrarbæ á árinu 2015 var 3.386, 1.148 launþegar voru karlar og 2.238 konur. Líkt og mynd 1 sýnir þá var hlutfall karla 34 % og hlutfall kvenna 66 %.


Fjöldi stöðugilda á árinu 2015 voru 1.506, mynd 2 sýnir hlutfall kynja eftir stöðugildum.




Mynd 1. Fjöldi launþega 2015 e. kyni




Mynd 2. Fjöldi stöðugilda 2015 e. kyni



Mynd 3. Þegar á heildina er lítið er ég ánægð(ur) í starfi mínu



Mynd 4. Ég veit til hvers er ætlast af mér í mínu starfi



Í byrjun árs var gerð uppfærsla á launakerfinu í SAP og á Listasmíðju-launaáætlunarkerfinu. Byrjað var á að uppfæra launakerfið og þurfti í framhaldinu að fara í ítarlegar prófanir á kerfinu en bæði verkefnisstjórar og launafulltrúar tóku þátt í þeirri vinnu. Einnig var farið í ítarlegt prófunarferli við uppfærslu á Listasmíðjunni en að auki þurfti að uppfæra leiðbeiningar og sjá um kennslu á kerfið til stjórnenda og starfsmanna sem vinna við launaáætlunargerð.

Starfsmannakönnun

Innan vinnustaða er þess sífellt gætt að vinnuaðstæður séu góðar og að mjög góð þjónusta sé veitt. Eitt þeirra verkfæra sem starfsmannþjónustan hefur til að meta vinnuaðstæður, s.s. starfsánægju, starfsanda og hollustu, stjórnun og þær kröfur sem gerðar eru til starfsfólks, er reglubundnar mælingar. Niðurstöður þeirra mælinga eru síðan notaðar til að finna hvar vel er gert, hvar betur má fara og móta áherslur í starfi með stjórnendum og starfsfólki.

Starfsmannakönnun var gerð á fyrri hluta ársins 2015 og var heildarsvarhlutfall 69,3 %, eða 1.674 svarendur.

Á meðal mikilvægra þátta sem skoðaðir eru í starfsmannakönnun eru starfsánægja og að starfsmenn þekki þær kröfur sem til þeirra eru gerðar í starfi. Í könnuninni 2015 sýndu niðurstöður m.a. að 83 % svarenda voru frekar sammála eða mjög sammála um að þeir væru ánægðir í starfi sínu þegar á heildina væri lítið. Á mynd 3 má sjá nánari skiptingu svara.


Þá voru yfir 90 % svarenda frekar sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að þeir viti til hvers er ætlast af þeim í starfi, mynd 4 sýnir nánari skiptingu svara.

Bent er á að niðurstöður könnunarinnar eru aðgengilegar í starfsmannahandbók Akureyrarbæjar.

Starfsauglýsingar og umsóknir


Akureyrarbær einsetur sér að ráða hæft og metnaðarfullt starfsfólk til starfa og til að ýta undir fagleg sjónarmið í ráðningum er lítið til þess að auglýsa laus störf hjá bænum, líkt og kemur skýrt fram í mannauðsstefnu bæjarins. Þá er þar tilgreint að auglýsing starfa þurfi að vera samkvæmt gildandi reglum Akureyrarbæjar og ákvæðum kjarasamninga um auglýsingar starfa. Líkt og mynd 5 sýnir þá er tölvuverður fjöldi starfa auglýstur í hverjum mánuði og mikill fjöldi umsókna, sbr. mynd 6, um laus störf.

Mynd 5. Fjöldi umsókna e. mánuðum





Mynd 6. Fjöldi birtra auglýsinga eftir mánuðum



Ráðningar


Heildarfjöldi ráðinna starfsmanna á árinu 2015 var um 1.500 og nær sá fjöldi yfir tímabundnar ráðningar, fastráðningar, sumarráðningar og ráðna unglinga í vinnuskólann.

Nemendur í vinnuskólanum voru á aldrinum 14-16 ára og heildarfjöldi þeirra sumarið 2015 var 489. Svipaður fjöldi stráka og stelpna var að störfum, þ.e. tæp 52 % strákar og rúm 48 % stelpur. Líkt og fyrri ár fá þeir starf sem sækja um.


Mikill fjöldi sumarstarfsmanna er ráðinn hjá Akureyrarbæ á sumri hverju og flestir voru ráðnir hjá framkvæmdadeild, samfélags- og mannréttindadeild og Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar. Stærstur hluti ráðninga hjá samfélags- og mannréttindadeild er þó vegna atvinnuskapandi verkefna.

Í önnur störf, þ.e. almennar ráðningar, var fjöldi ráðinna 594, konur voru tæp 63 % ráðinna og karlar rúm 37 %. Á mynd 8 má sjá hvernig fjöldi þeirra ráðninga skiptist eftir deildum og kyni innan deilda. Hjá skóladeild og Öldrunarheimilum Akureyrar (ÖA) var mestur munur á hlutfalli kynja og voru konur í miklum meirihluta ráðinna eða rúm 87 % hjá ÖA og 78 % hjá skóladeild.

Mynd 7. Fjöldi ráðinna e. kyni



Mynd 8. Almennar ráðningar e. deildum og kyni




Viðverukerfi

Innleiðing á rafræna vakt- og viðverukerfinu Vinnustund hélt áfram á árinu 2015 en um áramót voru ennþá þrjú kerfi í notkun, þ.e. Vinnustund, Mytimeplan og Bakvörður. Hluti starfsmanna notar ekki viðverukerfi, er utan kerfis, líkt og mynd 9 sýnir. Stefnt er að því að innleiðing Vinnustundar ljúki í lok árs 2016 og þá verði allt starfsfólk bæjarins komið með viðveruskráningu í Vinnustund og önnur kerfi verði lögð af.


Aðaláherslan í innleiðingunni á árinu 2015 var á búsetudeild og þær skipulagseiningar sem undir deildina heyra. Til að auka áhrif starfsfólks í vaktavinnu á skipulag vinnutíma var lögð áhersla á að kenna sem flestum að velja óskir um vaktaskýrslu sem er sama vinnulag og hefur verið á Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar.

Tveir grunnskólar, Lundarskóli og Oddeyrarskóli, innleiddu Vinnustund í lok árs 2015. Mynd 10 sýnir hvernig staða viðverukerfa var innan deilda í lok árs 2015.

Mynd 9. Hlutfallsleg skipting starfsmanna eftir viðverukerfum



Mynd 10. Fjöldi starfsmanna innan viðverkerfa eftir deildum



Fræðsla

Ýmis fræðsla er skipulögð fyrir starfsmenn Akureyrarbæjar. Fastir fræðsluliðir eru m.a. nýliðfræðsla og starfslokanámskeið. Nýliðfræðsla er haldin tvisvar á ári fyrir nýtt starfsfólk og á því námskeiði er m.a. fræðsla um stjórnkerfi bæjarins, réttindi og skyldur starfsmanna og kynning á helstu stefnum bæjarins. Starfslokanámskeið er haldið annað hvert ár og er ætlað starfsfólki sem senn lýkur störfum vegna aldurs. Á meðal umfjöllunarefna eru lífeyris- og tryggingamál, forvarnir hvað varðar heilsu og andlegar og félagslegar hliðar þess að hætta að vinna. Slíkt námskeið var haldið í apríl 2015 og sóttu það um 50 starfsmenn Akureyrarbæjar ásamt starfsfólki frá Sjúkrahúsinu á Akureyri, Norðurorku og VMA.

Þá stendur vinnustöðum til boða námskeið þar sem fjallað er um líðan starfsfólks á vinnustað. Leiðbeinendur á námskeiðunum eru svokallaðir innanhússfræðarar sem er 12 manna teymi skipað starfsmönnum Akureyrarbæjar. Markmið námskeiðanna er að fjalla um og ræða velliðan á vinnustað, samskipti, virðingu og umburðarlyndi. Einnig er boðið upp á námskeið um birtingarmyndir og afleiðingar eineltis og farið yfir ferli máls með það að markmiði að starfsfólk þekki hvernig bregðast eigi við ef einelti kemur upp á vinnustaðnum. Árið 2015 voru haldin um 20 námskeið á vinnustöðum bæjarins.

Árið 2015 voru haldin 52 námskeið á vegum stjórnendafræðslu Akureyrarbæjar. Markmið fræðslunnar er að styrkja stjórnendur í starfi og mikil áhersla er lögð á að bjóða upp á fræðslu er varðar starfsmannamál, s.s. ráðningar, starfsmannasamtöl og samskipti á vinnustað. Jafnframt er lögð áhersla á kennslu á tölvukerfi sem stjórnendur þurfa að kunna á. Markhópur stjórnendafræðslu var 260 starfsmenn og þeim hópi tilheyra forstöðumenn, millistjórnendur og verkefnastjórnarar. Taflan hér að neðan sýnir kynjaskiptingu fyrrgreinds markhóps, kynjaskiptingu forstöðumanna hjá Akureyrarbæ og hlutfall kvenna og karla sem sóttu stjórnendafræðslu árið 2015.

2015	Kvk		Kk		Samtals	
Póstlistinn fræðsla	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Forstöðumenn (ráðnir stjórnendur)	194	75 %	66	25 %	260	100 %
Þátttakendur í stjórnendafræðslu	49	64 %	28	36 %	77	100 %
	605	72 %	235	28 %	840	100 %

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á leiðtogaþjálfun í stjórnendafræðslu eftir að þarfagreining, sem unnin var í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar sýndi að stjórnendur töldu sig helst þurfa meiri fræðslu um leiðtogaþæfni og mannauðsstjórnun.


Meðal efnis hefur verið hvernig hægt er að nýta markþjálfun sem stjórnandi, um leiðtogastíla og litgreiningu samkvæmt huggreiningarprófi, hvernig hægt er að skipuleggja verkefni eftir ákveðnu nútíma stjórnunarkerfi og OneNote forritinu og hvernig má hafa áhrif á eigin líðan með streitu- og orkustjórnun.

Á árinu 2015 voru tveir starfsdagar haldnir með forstöðumönnum þar sem fjallað var um leiðtogaþætverkið. Á fyrri starfsdegi í maí deildu stjórnendur reynslu sinni af verkefninu og nokkrir stjórnendur sögðu frá því hvernig þeir hafa nýtt sér þau verkfæri sem þeir hafa fengið í fræðslunni. Í nóvember var fjallað um niðurstöður starfsmannakönnunar um helgun starfsmanna í starfi og stjórnendur unnu aðgerðaráætlun um að auka helgun starfsmanna sinna.

Stéttarfélagsaðild og kynjahlutfall

Flestir starfsmenn Akureyrarbæjar eru félagsmenn í Einingu-Íðju eða 1.686 starfsmenn og fjölmennustu félögin utan þess eru Kjölur starfsmannafélag þar sem fjöldi aðildarféлага er 418, 293 eru í Félagi grunnskólakennara, 150 í Sjúkraliðafélagi Íslands, 130 í Félagi leikskólakennara og 70 í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Mynd 11 sýnir kynjahlutfall eftir kjarasamningum í lok árs 2015.

Mynd 11. Kjarasamningar og kynjahlutfall



Starfsmat

Á árinu 2015 var unnið að kerfisbundinni endurskoðun starfsmatskerfisins SAMSTARFS í samræmi við bókun með kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og stéttarféлага innan BSRB og ASÍ, sem samið hafa um starfsmat. Þau stéttarfélög sem um ræðir hjá Akureyrarbæ eru Kjölur, Eining-Íðja, Matvís, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, SFR og Félag vélstjóra og málmíðnaðarmanna.

Bókun 2 um endurskoðun á starfsmatsniðurstöðum

Aðilar eru sammála um að þörf sé á markvissri heildarendurskoðun á starfsmatsniðurstöðum og starfsmatskerfinu til að tryggja að niðurstöðurnar endurspeglir störf og starfsumhverfi sveitarfélaga. Endurskoðunarvinnan felur meðal annars í sér samanburð á mati á störfum þvert á svið (þverkeysla) og starfsstaði sveitarfélaga og þess gætt að ekki sé um ómálefnalegan mismun að ræða. Breytingar sem leiða til launahækkana vegna þessarar endurskoðunar munu taka gildi frá upphafi þessa samnings.

Vinnu við endurskoðun starfsmatskerfis sveitarfélaganna, SAMSTARFS, lauk sumarið 2015. Stór hluti starfa félagsmanna í ofangreindum félögum sem starfa hjá Akureyrarbæ hækkaði í launaröðun vegna breytinga á starfsmatsniðurstöðum. Litill hluti starfa var óbreyttur og eitt starf lækkaði í launaröðun.

Breytingar á launaröðun starfa komu til framkvæmda hjá Akureyrarbæ í útborgun 1. september 2015. Afturvirkar leiðréttingar á launum með gildistíma frá 1. maí 2014 vegna á þriðja þúsund starfa kom til greiðslu í útborgun 1. október 2015.

Öldrunarheimili Akureyrarbæjar

Samhliða reglulegri starfsemi Öldrunarheimila Akureyrarbæjar, var unnið að mörgum sérverkefnum og þróunar- og umbótaverkefnum á árinu. Í umfjöllun um starfsemi ársins er verkefnum skipt í fjóra þætti líkt og í síðustu ársskýrslu, þ.e. umbætur og skipulag, hugmyndafræði, velferðartækni og loks samstarfsverkefni.

Á sviði umbóta og skipulags voru verkefni innan dagþjónustu/ dagþjálfunar sem varða lokaáfanga í sameiningu dagþjónustu í Viðilundi við starfsemina í Hlíð. Þær breytingar hófust á árinu 2013 og komu svo til framkvæmda 1. september 2014 sem lauk svo með því að starfsstöðin í Viðilundi flutti í Hlíð. Ný sameinuð dagþjálfun tók síðan til starfa 1. janúar 2016. Samhliða þessu var áfram unnið að breytingum á skipulagi og starfsemi iðju- og félagsstarfsins í Hlíð. Önnur verkefni á sviði skipulags og umbóta varða upplýsingar og móttöku íbúa og gesta, ásamt endurmati á áherslum, matsaðferðum og verklagi. Þá var áfram unnið að gæðahandbók ÖA og öðrum áfangum við að endurnýja allar rúmdýnur enda komnar að lokum endingartíma.

Velferð og tækni hefur áfram skipað nokkuð veigamikinn sess í umbóta- og þróunarstarfi á ÖA síðustu árin en átakið hófst 2013 með fjárstuðningi Samherjasjóðsins. Áfram var haldið með innleiðingu og að festa í sessi Sögu heilbrigðisskráningarkerfið, Timian innkaupakerfið og Vinnustund. Hvert þessara kerfa skapar grunn til vinnuhagræðingar og upplýsingasöfnunar sem mun í framtíðinni skipta miklu við greiningar á kostnaðarþáttum og rekstri ÖA. Rafræn lyfjaumsýsla, ALFA verkefnið, var unnið á árinu 2015 og lauk fyrsta áfanga þess í nóvember og desember. Skemmst er frá að segja að verkefnið stóðst áætlun og uppfyllti öll markmið sem sett voru og í raun gott betur. Lauk árinu með endurmati og ákvörðun um áframhaldandi samstarf aðila um þróun og uppsetningu á öllum heimilum ÖA.

Nýtt íbúaskráningarkerfi, ELLA, var keypt í lok ársins en með því er áformað að halda betur utan um íbúaskrá og samskipti við aðstandendur, auk þess sem öll samskipti varðandi daggjöld til ÖA verða rafræn.

Líkt og áður hafa Öldrunarheimilin verið í fjölþættu samstarfi við ýmsa aðila innan sveitarfélagsins og utan. Samningur um lækniþjónustu frá SAK var endurnýjaður og ÖA og búsetudeild Akureyrarbæjar héldu áfram samstarfi um þjónandi leiðsögn og á sviði velferðartækni í norrænu verkefni, Connect. Þá var nemandaverkefni sem unnið var 2014 um Eden hugmyndafræðina á ÖA, tilnefnt til nýsköpunarverðlauna Forseta Íslands.

ÖA tók þátt í samstarfsverkefni með velferðarráðuneytinu um gerð stefnu á sviði nýsköpunar og velferðartækni og vann að undirbúningi framtíðarþings um farsæla öldrun sem haldið var í maí 2015 í samvinnu velferðarráðs bæjarins við Öldrunarráð Íslands. Einnig var unnið að samstarfsverkefnum og rannsóknarverkefnum með háskólastiginu, bæði nemandaverkefnum og sjálfstæðum rannsóknarverkefnum.

Regluleg starfsemi ÖA, sem og hin óreglulega eins og breytingar og þróun, byggir á öllu því ágæta starfsfólki sem þar starfar, viðhorfum þess og helgun í starfi. Eins og undangengin ár hefur starfsfólk lagt sig mjög fram við að veita góða og einstaklingsmiðaða þjónustu, samhliða því að takast á við nýjar áskoranir og sýna aðhald í öllum rekstri.

Reksturinn

Rekstur ÖA kostaði rúma 2,5 milljarða króna á árinu 2015. Af þeirri upphæð fóru um 1,8 milljarðar króna (72 %) í laun og launatengd gjöld og hlutfall yfirvinnu af dagvinnulaunum var líkt og áður um 21 %. Vörukaup ársins voru 194 milljónir og þjónustukaup um 547 milljónir. Annar kostnaður var því um 741 milljónir en af þeirri fjárhæð greiddi ÖA um 230 milljónir í leigu af mannvirkjum og búnaði. Tekjur ÖA í formi daggjalda frá Tryggingastofnun ríkisins ásamt greiðslum íbúa, voru tæplega 1,8 milljarðar króna og tekjur frá TR vegna húsnæðisgjalds voru um 88 milljónir. Þegar litið er

til tekna af starfsemi, er hlutfall launakostnaðar um 95 %. Eins og undangengin ár var leitað allra leiða til sparnaðar í rekstri með miklu aðhaldi í yfirvinnu. Á árinu störfuðu hjá ÖA 536 einstaklingar í um 220 ársverkum, 484 konur (90 %) og 52 karlar (10 %).

Rýmin og nýting

Í árslok voru á ÖA 185 leyfð rými, 169 hjúkrunarrými og 16 dvalarheimilisrými. Af 169 hjúkrunarrýmum eru 17 rými til skammtímadvalar. Að auki eru leyfi fyrir 19 rýmum í dagþjónustu í Hlíð en 14 þeirra eru svokölluð „sértæk rými“ og er eitt sértækt rými rekið fyrir Eyjafjarðarsveit samkvæmt samningi. Dagþjónustan í Viðilundi hefur leyfi fyrir 16 dagþjónusturýmum, 15 almennum og 1 sértæku. Í lok ársins flutti starfsemi Viðilundar í Hlíð.

Alls nýttu um 510 einstaklingar hjúkrunar-, dvalar- og dagþjónustu öldrunarheimilanna. Þar af voru 145 einstaklingar (89 konur og 56 karlar) sem nýttu sér hvíldar- og skammtímavistun í 256 innritunum. Í Hlíð nýttu 66 einstaklingar dagþjónustuna (40 konur og 26 karlar) og í Viðilundi 54 einstaklingar (44 konur og 10 karlar). Full nýting rýma var í hjúkrunar- og dvalarrýmum og 99 % í dagþjónustu. Að meðaltali koma um 40 einstaklingar í dagþjónustu á hvorum stað eða um 80 manns á viku. Nýir íbúar sem fluttu inn í fäst rými voru 60. Meðalaldur einstaklinga í hjúkrun var 85,7 ár og 84,9 ár í dvalarrýmum árið 2015. Konur voru um 70 % notendahópsins en karlar um 30 % og hefur hlutdeild karla lækkað um 1 % á milli ára. Á landsvísi eru hlutföllin 63/37.

Einstök þróunar- og fræðsluverkefni

Velferð og tækni

Velferðarsjóður Samherja hf. veitti árið 2013 myndarlegan styrk til verkefnisins „velferð og tækni“ á ÖA. Það fólst í að setja upp þráðlaust net og kaupa tölvubúnað og spjaldtölvur til að auka aðgengi íbúa og aðstandenda að nútímatækni í því skyni að auka samskipti og lífsgæði. Með verkefnastyrk Samherja hf. og með stuðningi Gjafasjóðs ÖA hefur tekist að bæta aðgengi á öllum heimilum ÖA. Samhliða var lögð áhersla á aukna upplýsingamiðlun á heimasíðu, fésbókarsíðu og upplýsingaskjólum innan ÖA.

Eden-þróunin

Frá árinu 2008 hefur ÖA unnið eftir Eden hugmyndafræðinni. Í upphafi árs 2014 hlaut ÖA alþjóðlega viðurkenningu sem Eden heimili en viðurkenningin er í raun gæðakerfi sem felur í sér reglubundnar úttektir á tveggja ára fresti og umbótaverkefni á tímabilinu. Hluti af úttektinni í hvert sinn er að leggja fyrir svokallaða „hlýleikakönnun“ meðal íbúa, gesta í dagþjónustu og hvíldarinnlögn, aðstandenda og starfsmanna. Könnuninni er ætlað að gefa raunsanna mynd af þeirri menningu og andrúmslofti sem ríkir á heimilinu. Næsta könnun fer fram í byrjun árs 2016.

Á árinu voru umbótaverkefni Eden á sviði fræðslu til stjórnenda og starfsmanna, íbúafunda á heimilum og endurbóta á húsnæði á tveimur heimilum.

Notendaráð

Frá því í október 2012 hefur starfað notendaráð ÖA en markmið þess er að stuðla að aukinni þátttöku og áhrifum íbúa og aðstandenda á starfsemi ÖA. Tilgangur notendaráðs er að fjalla um hagsmunamál íbúa og aðstandenda og vera samráðsvettvangur þeirra og stjórnenda. Í því skyni er á fundum ráðsins miðlað upplýsingum um þróun þjónustunnar og stefnu á hverjum tíma. Fundum notendaráðsins var breytt 2014 þannig að „notendaráðs- eða íbúafundur“ fara nú fram á hverju heimili að lágmarki tvisvar á ári. Þessi breyting hefur skilað aukinni þátttöku.

Virkur vinnustaður

Í samstarfi við starfsendurhæfingarsjóðinn Virk var unnið að þriggja ára verkefni um forvarnir og endurkomu starfsfólks til vinnu eftir veikindi eða slys. Markmiðið var að veita stjórnendum og starfsmönnum fræðslu og ráðgjöf við að móta og innleiða stefnu um velferð, fjarvistir og endurkomu til vinnu. Lögð er áhersla á jákvæða og heilsusamlega nálgun þar sem unnin er þarfagreining





á vinnustaðnum og hún síðan útfærð í stefnu. Á haustmánuðum 2014 var lögð fyrir könnun sem lokaáfangi í Virk verkefninu og niðurstöður teknar saman í skýrslu sem kom út á fyrri hluta árs 2015.

Almenn fræðsla

Fjölbreytt og öflugt fræðsluáætlun var hjá ÖA á árinu. Fræðsluáætlunin á hverju ári byggir á þarfagreiningu og komu fyrirlesarar úr ýmsum áttum. Öll fræðslan var opin starfsfólki, íbúum og aðstandendum. Í samstarfi við Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmið var efnt til málþings um viðhorf og viðmót samfélagsins og viðbrögð í erfiðum aðstæðum. Heiti málþingsins var „að orða það sem erfitt er“ og var málþingið mjög vel sótt af gestum og starfsfólki.

Eitt af stærri fræðsluverkefnum ársins var kennsla og þjálfun í þjónandi leiðsögn. Haldin voru tvö námskeið, eitt að vori og annað að hausti, þar sem allir starfsmenn heimilanna sóttu fræðslu, sem var hluti af innleiðingu á hugmyndafræði og aðferðum þjónandi leiðsagnar.

Alls mættu 310 starfsmenn á 37 viðburði þar sem hver viðburður stóð frá einni klst. til þriggja daga námskeiðs. Alls komu rúmlega 900 manns í fræðslu en meginhluti þess eru starfsmenn.

Að auki fóru þrír hópar starfsmanna til útlanda, þ.e. frá Víði- og Furuhlíð til London, starfsfólk frá Austurhlíð fór til Berlínar og frá Eini- og Grenihlíð til Amsterdam. Loks fóru matreiðslumenn ÖA til Denver til að kynna sér tengda starfsemi á öldrunarheimilum og þjónustu við eldra fólk. Loks fór hjúkrunarforstjóri á Eden ráðstefnu í Dusseldorf.

Hluti af fræðslumálum ÖA eru samstarfsverkefni við innlenda og erlenda framhaldsskóla og háskóla. Um er að ræða starfsþjálfun hjúkrunar-, iðjuþjálfar- og sjúkraliðanema og annarra nema. Innlendir nemar á árinu voru alls 59 og 10 erlendir, sem flestir koma frá Norðurlöndum.

Gæðamál

Þrjár á ári er framkvæmt RAI mat (raunverulegur aðbúnaður íbúa). Í matinu eru gæðavísar sem stuðst er við þegar horft er til breytinga á heilsufari og aðbúnaði íbúa. Samanburðarathugun á RAI mati fyrir árin 2009 til 2015 sýnir að á 18 af 22 gæðavísam heldur ÖA viðvarandi jákvæðri þróun. Um er að ræða atriði eins og fækkun legusára, færri sem nota geðlyf, róandi lyf og svefnlyf, færri þurfa eitthvert form fjöttra og dregið hefur úr þvag- og hægðaleka, færri eru greindir með þunglyndiseinkennum og virkni er að aukast.

Á árinu var haldið áfram vinnu að bættri hjúkrunarskráningu og innleiðingu rafrænnar sjúkaskrár (Sögu). Atvikaskráning er nú

orðin rafræn og hluti af Sögukerfinu en það er veruleg breyting frá því fyrirkomulagi sem var og gefur raunsannari yfirlit um stöðuna hverju sinni. Gæðahandbók er rafræn og áfram var unnið að uppbyggingu hennar og notkun á starfsdögum og í gæðaráði.

Iðja og félagsstarf

Á árinu áttu sér stað skipulagsbreytingar á starfsemi iðju- og félagsstarfsins þar sem markmiðin eru að einstaklingsmiða þjónustuna og mæta betur þörfum notenda.

Eins og undangengin ár var starfsemi iðju- og félagsstarfs fjölbreytt á árinu 2015. Að venju var í boði hefðbundið félagsstarf, ýmis konar handverk, upplestrar, spurningahópar, leikfimi, bíósýningar, bingó, krulla, söngstundir, kráarkvöld og skemmtanir tengdar árstíðum s.s. kvennahlaup og ferðalög. Í auknum mæli er starfsemi iðju og félagsstarfs færð inn á heimilin og er nú margskonar hópastarf þar í umsjá iðjuþjálfar og starfsmanna iðju- og félagsstarfs.

Eden kaffi var mánaðarlega í Lögmanshlíð og vikulega er opið í Kaffi Sól. Breyting var gerð á hinni árlegu handverkssýningu og í staðinn var haldið opið hús í Hlíð, svokallaðir Gleðidagar 29. og 30. maí. Tókust þeir mjög vel og gestir voru um 250. Í nóvember var árlegt Markaðstorg og það sóttu um 150 manns. Unnið var að eflingu starfsemi Smíðjunnar en þar fer fram margskonar smíðavinna og önnur iðja.

Innréttað var rými í Glæðheimum fyrir starfsemi klubbstarfs lífsneistans, svokallaðir Sólskinsklúbbar, sem er sértækt meðferðarúrræði fyrir einstaklinga með heilabilun. Voru klúbbar fjóra daga vikunnar, stýrt af iðjuþjálfum ásamt starfsmönnum iðju- og félagsstarfs og/eða starfsmönnum heimilanna.

Sjálfbóðaliðar og gleðivakar

Sjálfbóðaliðar hafa í gegnum tíðina sett mikinn svip á starfsemi á ÖA og eru nauðsynleg og ánægjuleg viðbót við aðra starfsemi. Góðir vinir ÖA hafa séð um tónlistarflutning á ýmsum skemmtunum, s.s. kráarkvöldum, þorablóti og einstaka tónlistarskemmtunum. Fyrirverandi starfsmenn ÖA, sem ganga undir heitinu „Vinir Hlíðar“, aðstoða einnig við ýmsa viðburði í Hlíð og Lögmanshlíð, og sjá nánast alfarið um undirbúning og bakstur á miðvikudögum í Kaffi Sól.

Nemendur framhaldsskóla og háskóla komu eins og áður í heimsóknir, starfskynningar og í önnur verkefni. Þá eru ótaldar heimsóknir „vinaskóla og bekkja“ á grunnskóla- og leikskólastigi. Alls kyns listafólk hefur glatt heimilisfólkið á árinu, kórar, einsöngvarar, dansarar, hljóðfæraleikarar og rithöfundar svo eitthvað sé nefnt. Allt þetta eykur fjölbreytileika lífsins á ÖA.

FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í NEFNDUM OG STJÓRNUM 31. desember 2015

Bæjarstjóri

Eiríkur Björn Björgvinsson

Endurskoðendur

Deloitte hf.

Bæjarstjórn Akureyrar

Matthías Rögnvaldsson forseti bæjarstjórnar

Silja Dögg Baldursdóttir

Logi Már Einarsson

Sigríður Huld Jónsdóttir

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ingibjörg Ólöf Isaksen

Gunnar Gíslason

Eva Hrund Einarsdóttir

Njáll Trausti Friðbertsson

Sóley Björk Stefánsdóttir

Margrét Kristín Helgadóttir

Bæjarráð

Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður

Logi Már Einarsson

Matthías Rögnvaldsson

Gunnar Gíslason

Margrét Kristín Helgadóttir

Sóley Björk Stefánsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

FASTANEFNDIR

Atvinnumálanefnd

Matthías Rögnvaldsson formaður

Jóhann Jónsson

Erla Björk Guðmundsdóttir

Elías Gunnar Þorbjörnsson

Sóley Björk Stefánsdóttir

Framkvæmdaráð - jafnframt stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar

Dagur Fannar Dagsson formaður til 1.8.2015

Halla Björk Reynisdóttir formaður frá 1.8.2015

Helena Þuríður Karlsdóttir

Ingibjörg Ólöf Isaksen

Njáll Trausti Friðbertsson

Þorsteinn Hlynur Jónsson

Hermann Arason (áheyrnarfulltrúi)

Íþróttaráð

Ingibjörg Ólöf Isaksen formaður

Árni Óðinsson

Birna Baldursdóttir

Þórunn Sif Harðardóttir

Sigurjón Jónasson til 20.10.2015

Jónas Björgvin Sigurbergsson frá 20.10.2015

Guðrún Þórsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Kjörstjórn

Helga Eymundsdóttir formaður

Þorsteinn Hjalton

Júlí Ósk Antonsdóttir

Samfélags- og mannréttindaráð

Silja Dögg Baldursdóttir formaður

Siguróli Magni Sigurðsson

Eiður Arnar Pálmason

Bergþóra Þórhallsdóttir

Vilberg Helgason

Hlín Garðarsdóttir áheyrnarfulltrúi

Skipulagsnefnd

Tryggvi Már Ingvarsson formaður

Eva Reykjalín Elvarsdóttir

Ólína Freysteinsdóttir

Sigurjón Jóhannesson

Edward H. Huijbens

Jón Þorvaldur Heiðarsson (áheyrnarfulltrúi)

Skólanefnd

Bjarki Ármann Oddsson formaður til 17.11.2015

Logi Már Einarsson formaður frá 17.11.2015

Dagný Þóra Baldursdóttir

Siguróli Magni Sigurðsson

Eva Hrund Einarsdóttir

Preben Jón Pétursson

Anna María Hjálmarsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Stjórn Akureyrarstofu

Logi Már Einarsson formaður til 17.11.2015

Unnar Jónsson formaður frá 17.11.2015

Elvar Smári Sævarsson til 20.1.2015

Sigfús Arnar Karlsson frá 20.1.2015

Anna Hildur Guðmundsdóttir

Eva Hrund Einarsdóttir

Hildur Friðriksdóttir

Eva Dögg Fjölvisdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Umhverfisnefnd

Dagbjört Elín Pálsdóttir formaður

Óskar Ingi Sigurðsson

Ingimar Ragnarsson

Kristinn Frímann Árnason

Áshildur Hlín Valtýsdóttir

Ólafur Kjartansson (áheyrnarfulltrúi)

Velferðarráð – áður félagsmálaráð

Sigríður Huld Jónsdóttir formaður

Jóhann Gunnar Sigmarsson til 20.8.2015

Róbert Freyr Jónsson frá 20.8.2015

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Oktavía Jóhannesdóttir til 7.4.2015

Svava Þórhildur Hjaltalín frá 7.4.2015

Valur Sæmundsson

Guðrún Karítas Garðarsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

STARFSNEFNDIR

Fræðslunefnd

Inga Þöll Þórgnýsdóttir formaður

Karólína Gunnarsdóttir

Halldór Sigurður Guðmundsson

Dagný Magnea Harðardóttir

Tómas Björn Hauksson

Kjarasamninganefnd

Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður

Silja Dögg Baldursdóttir

Gunnar Gíslason



FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í SAMSTARFSNEFNDUM/VERKEFNUM

Almannavarnanefnd Eyjafjarðar

Bæjarstjóri
Formaður framkvæmdaráðs

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs

Unnar Jónsson
Njáll Trausti Friðbertsson

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar

Baldur Dýrfjörð formaður
Jóhann Gunnar Sigmarsson til 1.12.2015
Valur Freyr Halldórsson frá 1.12.2015
Álfheiður Svana Kristjánsdóttir
Sigrún Sigurðardóttir

Öldungaráð Akureyrarkaupstaðar

Dagbjört Elín Pálsdóttir formaður
Gunnar Gíslason

Félagsstofnun stúdentna við Háskólann á Akureyri

Halla Margrét Tryggvadóttir

Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Fulltrúaráð Málræktarsjóðs

Hólmkell Hreinsson

Hafnasamlag Norðurlands

Víðir Benediktsson formaður
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Linda María Ásgeirsdóttir
Baldvin Valdemarsson
Kristín Björk Gunnarsdóttir

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

Pétur Maack Þorsteinsson formaður til 10.10.2015
Jón Ingi Cæsarsson formaður frá 10.10.2015
Svanhildur Dóra Björgvinsdóttir

Hljómsveitarráð Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands

Elín Margrét Lýðsdóttir
Eva Hrund Einarisdóttir
Helgi Þorbjörn Svavarsson

Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra

Jón Heiðar Jónsson

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra

Bjarki Ármann Oddsson formaður
Matthías Rögnvaldsson
Silja Dögg Baldursdóttir
Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Ingibjörg Ólöf Isaksen
Logi Már Einarsson
Gunnar Gíslason
Eva Hrund Einarisdóttir
Margrét Kristín Helgadóttir

Stjórn Eyþings

Logi Már Einarsson formaður
Eva Hrund Einarisdóttir

Stjórn Iðnaðarsafnsins á Akureyri

Helga Mjöll Oddsdóttir
Vilhjálmur G. Kristjánsson

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar

Bæjarstjóri
Sigríður Huld Jónsdóttir
Gunnar Gíslason

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri

Andrea Sigrún Hjálmsdóttir
Dagbjört Brynja Harðardóttir
Eiríkur Jónsson

Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga

Eiríkur Björn Björgvinsson

Veðifélag Eyjafjarðarar

Hermann Brynjarsson

Vetraríþróttamiðstöð Íslands

Margrét Baldvinsdóttir formaður
Árni Óðinsson

Menningarfélag Akureyrar

Sigurður Kristinsson

Fjölsmiðjan

Friðbjörg Sigurjónsdóttir

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

Ingunn Helga Bjarnadóttir

FabEy

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir

Norræna upplýsingaskrifstofan

Hólmkell Hreinsson

FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA

Flokkun ehf

Kristín Halldórsdóttir formaður
Dagbjört Pálsdóttir

Fóðurverksmiðjan Laxá hf

Dan Jens Brynjarsson

Norðurorka ehf

Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður
Ingibjörg Ólöf Isaksen
Njáll Trausti Friðbertsson
Edward Hákon Huijbens
Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir

Tækifæri hf

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir





Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri
Sími 460 1000 | Fax 460 1001
akureyri@akureyri.is
www.akureyri.is | www.visitakureyri.is

